

FEL 06080004


**SAMANTEKT
FJÖLSKYLDURÁÐS
UM MÁLEFNI
FJÖLSKYLDUNNAR**



Félagsmálaráðuneytið

Maí 2001

ISBN 9979-868-39-2



Ávarp félagsmálaráðherra

Fjölskyldan skipar stóran sess í íslensku samfélagi. Á undanförunum áratugum hafa aðstæður fjölskyldna á Íslandi breyst í kjölfar mikilla tækniframfara og aukinnar þekkingar. Algengara er nú en áður að báðir foreldrar starfi utan heimilis enda eiga konur og karlar jafna möguleika á að mennta sig og efla á ýmsan hátt. Þá hefur upplýsingatæknin haft töluverð áhrif á líf fjölskyldna í landinu og einstaklingum bjóðast ný og spennandi tækifæri í leik og starfi. Því má þó aldrei gleyma að þrátt fyrir allar þessar breytingar á högum fólks er fjölskyldan ennþá mikilvægasti þátturinn í lífi flestra. Ljóst er að lengi býr að fyrstu gerð eins og máltækið segir og má fullyrða að fjölskyldueiningin er undirstaðan að framtíð barna okkar.

Það er því mikilvægt að hlúa vel að einstaklingunum innan fjölskyldnanna og tryggja að þeim séu búin ákjósanleg vaxtar- og þroskaskilyrði innan samfélagsins. Það er stefna stjórnvalda að styðja við bakið á fjölskyldum í landinu í því augnamiði að einstaklingarnir fái notið sín innan samfélagsins, hver á sinn hátt. Til að ná því markmiði þarf einnig að taka mið af fjölbreyttum þörfum mismunandi fjölskyldugerða og ólíkra einstaklinga.

Málefni fjölskyldunnar er mjög umfangsmikið viðfangsefni og því óhjákvæmilegt að það falli undir fleira en eitt stjórnvald. Íslensk stjórnvöld hafa unnið markvisst að málaflökknum allt frá árinu 1995 og má þar helst nefna stofnun fjölskylduráðs, fjölskylduvænni húsnæðisstefnu, lengingu fæðingarorlofs og jöfnun réttar mæðra og feðra til töku þess, foreldraorlof, ný jafnréttislög, nýja skólastefnu, áætlun í heilbrigðismálum til ársins 2010 og efling í forvörnum vegna áfengis- og vímuefnaneyslu barna og unglinga. Þá hafa verið lögð fram á Alþingi frumvörp til nýrra laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og barnavernd.

En betur má ef duga skal. Það er því markmið okkar að gera enn betur og er þessi samantekt liður í því að veita heildaryfirlit yfir það sem stjórnvöld hafa verið að vinna að í málefnum fjölskyldunnar. Þessi málaflökkur þarfnast sífelldrar endurskoðunar við. Stöðugt bætast nýjar fjölskyldur í hópinn en jafnframt hefur aldursamsetning þjóðarinnar breyst á síðustu árum þar sem öldruðum hefur hlutfallslega fjölgað hraðar en þjóðinni í heild. Þá hafa margar fjölskyldur frá öðrum ríkjum kosið að setjast hér að en þýðingarmikið er að stjórnvöld sjái til þess að öllum líði vel hér á landi og njóti sömu réttinda óháð kyni, aldri, trú, litarhætti eða uppruna.

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Formáli fjölskylduráðs | 6 |
| 1. Inngangur | 8 |
| 2. Þjónusta og stuðningur við fjölskyldur | 9 |
| 2.1. Heilbrigðiskerfið | 9 |
| 2.1.1. Almenn | 9 |
| 2.1.2. Bætt heilsufar, forvarnir og heilsuvernd | 10 |
| 2.1.3. Langveik börn | 11 |
| 2.2. Íslenska skólakerfið | 13 |
| 2.2.1. Almenn | 13 |
| 2.2.2. Skólastigin | 13 |
| 2.2.3. Jafnrétti til náms | 14 |
| 2.2.4. Samvinna foreldra og skóla og velferð nemenda | 16 |
| 2.3. Félagsþjónusta sveitarfélaga | 16 |
| 2.3.1. Almenn | 16 |
| 2.3.2. Félagsþjónusta við einstaklinga og fjölskyldur | 17 |
| 2.3.3. Aðstoð til að koma til móts við sérþarfir | 18 |
| 2.3.4. Sérstök þjónusta við fjölskyldur fatlaðra og langveikra | 18 |
| 2.4. Barnavernd | 19 |
| 3. Fjárhagslegur stuðningur við fjölskylduna | 20 |
| 3.1. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga | 20 |
| 3.2. Almennatryggingakerfið | 21 |
| 3.2.1. Almennatryggingar – lífeyris-, sjúkra- og slysa-tryggingar | 21 |
| 3.2.2. Sjúkratryggingar – aðstoð, hjálp og þátttaka í sjúkrakostnaði | 21 |
| 3.2.3. Slysatryggingar – við atvinnu, iðnnám, björgunarstörf og í íþróttum | 22 |
| 3.2.4. Félagsleg aðstoð – „heimildabætur“ | 22 |
| 3.2.5. Á erlendri grund | 22 |
| 3.3. Skattkerfið | 23 |
| 3.3.1. Almenn | 23 |
| 3.3.2. Persónuafsláttur | 23 |
| 3.3.3. Barnabætur | 24 |

| | |
|---|-----------|
| 3.4. Húsnæðiskerfið | 24 |
| 3.4.1. Almennt | 24 |
| 3.4.2. Húsnæðislánakerfi | 24 |
| 3.4.3. Leigumarkaður | 25 |
| 3.4.4. Húsnæði sem er ætlað að mæta sérþörfum | 26 |
| 3.5. Aðstoð til framhaldsnáms | 26 |
| 4. Stuðningur við fjölskylduna um að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf | 27 |
| 4.1. Jafnrétti á vinnumarkaði | 27 |
| 4.2. Fæðingarorlof mæðra og feðra | 28 |
| 4.3. Fæðingarstyrkur | 29 |
| 4.4. Foreldraorlof mæðra og feðra | 30 |
| 4.5. Aukin vernd gegn uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar ... | 30 |
| 5. Skilnaðir/sambúðarslit | 31 |
| 6. Stuðningur við fjölskyldur vegna félagslegra vandamála | 33 |
| 6.1. Námsferfiðleikar barna | 33 |
| 6.1.1. Almennt | 33 |
| 6.1.2. Lestrarörðugleikar | 34 |
| 6.2. Hegðunarvandamál barna | 34 |
| 6.2.1. Almennt | 34 |
| 6.2.2. Agavandamál | 35 |
| 6.2.3. Einelti | 36 |
| 6.3. Misnotkun áfengis og annarra vímuefna | 36 |
| 6.3.1. Forvarnir | 36 |
| 6.3.2. Meðferðarúrræði fyrir börn og unglinga | 38 |
| 6.4. Ungir afbrotamenn | 40 |
| 6.5. Heimilisofbeldi | 41 |
| 6.6. Fjárhagserfiðleikar fjölskyldna | 43 |
| 7. Eldri borgarar | 44 |
| 8. Útlendingar | 45 |
| 8.1. Almennt | 45 |
| 8.2. Íslenska sem annað tungumál í skólum | 46 |
| 8.3. Túlkaþjónusta | 47 |
| 8.4. Miðstöð nýbúa | 47 |
| 8.5. Útgáfa upplýsingaefnis fyrir útlendinga | 48 |
| 9. Niðurlag | 48 |
| Heimildaskrá | 49 |

Formáli fjölskylduráðs

Sérstakt fjölskylduráð var sett á laggirnar með þingsályktun um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar sem samþykkt var á Alþingi þann 13. maí árið 1997. Félagsmálaráðherra skipaði fjölskylduráð í ársbyrjun 1998 að fengnum tilnefningum frá Alþingi, skólum á háskólastigi og Sambandi íslenskra sveitarfélaga en einn er skipaður án tilnefningar og er hann formaður ráðsins. Í fjölskylduráði sitja Drífa Sigfúsdóttir, formaður, Dögg Pálsdóttir, hrl., Hrannar Björn Arnarsson, borgarfulltrúi, Sigrún Júlíusdóttir, prófessor, og Þráinn Hallgrímsson, skrifstofustjóri.

Í þingsályktuninni er viðurkennt að fjölskyldan er hornsteinn íslensks samfélags og uppspretta lífsgilda. Ríkisstjórn og sveitarstjórnir á hverjum tíma ber að marka sér opinbera stefnu í málefnum fjölskyldunnar í því skyni að styrkja hana og vernda án tillits til gerðar hennar og búsetu. Opinber fjölskyldustefna hefur það markmið að efla fjölskylduna í nútímapjóðfélagi. Verkefni hennar eru margþætt og snerta öll svið þjóðlífsins. Hún spannar því nánast öll viðfangsefni opinberrar stjórnsýslu.

Ráðið fagnar því að á undanfögnu hafa íslensk stjórnvöld stigið stór og mikilvæg skref í málaflokknum en þar má meðal annars nefna lengingu fæðingarorlofs og jöfnun réttar mæðra og feðra til töku þess, foreldraorlof, lög um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar, nýja skólastefnu, heilbrigðisáætlun til ársins 2010 og ný jafnréttislög.

Málefni fjölskyldunnar falla ekki síður innan verkahrings sveitarfélaganna og þótti fjölskylduráði áhugavert að kanna hvernig sveitarstjórnir víðs vegar um landið hafa unnið að málaflokknum auk þess að heyra hugmyndir þeirra um fjölmörg atriði er honum tengjast. Fjölskylduráð stóð því fyrir gerð spurningakönnunar meðal sveitarfélaga. Tæp 70% sveitarfélaga tóku þátt í könnunni sem telst vera mjög góð svörun. Greinilegt er að mikill áhugi er á meðal sveitarfélaganna um málefni fjölskyldunnar og jafnframt er hugur í mönnum um að sveitarfélögin móti sína eigin fjölskyldustefnu.

Fjölskylduráð vill hefja til vegs og virðingar uppeldi foreldra á börnum sínum. Þetta felur meðal annars í sér að foreldrar sjái til þess að börn þeirra fræðist og verði sjálfstæðir og ábyrgir einstaklingar. Til að auðvelda foreldrum að rækja hlutverk sitt vill fjölskylduráð stórauka fræðslu til foreldra. Það er álit fjölskylduráðs að þörf er á að koma á fót öflugri almennri fjölskylduráðgjöf á vegum ríkis eða sveitarfélaga. Löng og góð reynsla er af slíkri þjónustu á

Norðurlöndum. Slík þjónusta hefur forvarnagildi og er auk þess mikilvægur liður í að draga úr afleiðingum fjölskylduerfiðleika. Ráðið leggur einnig áherslu á að sköpuð verði skilyrði til að ná jafnvægi milli fjölskyldu og atvinnulífs, meðal annars með sveigjanlegum vinnutíma fyrir foreldra ungra barna og umburðarlyndi gagnvart fjarveru foreldra vegna veikinda barna eða annarra fjölskyldumeðlima. Þá þarf að veita þverfaglega aðstoð við foreldra fatlaðra og/eða langveikra barna og stórauka rannsóknir á högum fjölskyldunnar, svo sem tengsl milli heimilis og atvinnulífs, gildi samverustunda o.s.frv.

Sú samantekt yfir málefni fjölskyldunnar sem rit þetta hefur að geyma er liður í að marka opinbera fjölskyldustefnu. Það var Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir, lögfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, sem vann að gerð hennar en hún var á þeim tíma starfsmaður ráðsins. Samantektin var unnin í samráði við ráðið en einnig var haft samstarf við fulltrúa annarra ráðuneyta um frágang ritsins. Þá hafa ráðuneytin nýlega tilnefnt tengiliði til að vinna að næsta skrefi í gerð fjölskylduáætlunar sem er framkvæmdaáætlun. Ætlunin er að vinna að fáum verkefnum í hverju ráðuneyti svo unnt verði að sinna þeim að meiri alúð en ella.

Þetta er í fyrsta skipti sem áætlanir ráðuneytanna á sviði fjölskyldumála eru teknar saman í eitt rit. Mikilvægt er að fyrir hendi liggi heildarsýn yfir þau málefni er lúta að fjölskyldunni og stjórnvöld eru að vinna að. Það er von fjölskylduráðs að samantektin verði stuðningur í átaki ráðuneytanna til að samræma aðgerðir í þágu fjölskyldunnar.

Drífa Sigfúsdóttir
formaður fjölskylduráðs

1. Inngangur

Fjölskyldan er grunneining íslensks samfélags. Fjölbreytileg sambýlisform er að finna innan samfélagsins og geta þau jafnvel tekið breytingum á lífsskeiði sérhvers einstaklings. Á undanförunum árum hafa eldri hugmyndir um kjarnafjölskylduna, þ.e. karl og kona ásamt börnum sínum þar sem karlinn er fyrirvinnan og konan hugsar um heimilið, vikið fyrir breyttum lífsviðhorfum. Þessi þróun á sér meðal annars rætur í auknum tækifærum fyrir konur og karla innan samfélagsins, til dæmis með auknu framboði á námsleiðum og spennandi atvinnutækifærum. Sífellt er algengara að konan vinni utan heimilis og oft er gerð krafa um að karlinn taki virkan þátt í heimilishaldinu þó enn sé það venjan að konur aðlagi atvinnu sína meira að þörfum fjölskyldunnar en karlar.

Með breyttum aðstæðum innan samfélagsins hafa aðrar fjölskyldugerðir en hin hefðbundna kjarnafjölskylda komið fram. Það þykir ekki lengur til-tökumál að foreldri búi eitt með barni sínu, að tvær fjölskyldur sameinist (stjúpfjölskyldur) eða að einstaklingar af sama kyni rugli saman reyttum. Þannig getur fjölskyldan í íslensku samfélagi tekið á sig ýmsar myndir. Er því lítið á að fjölskylda sé hópur einstaklinga sem á sameiginlegt heimili þar sem einstaklingarnir deila tómsundum, hvíld, tilfinningum, efnahag, ábyrgð og verkefnum. Meðlimirnir eru oftast tvær fullorðnar manneskjur eða einstaklingur ásamt barni eða börnum. Þau eru skuldbundin hvert öðru í siðferðilegri og gagnkvæmri hollustu.

Fjölskylda einstaklingsins spilar lykilhlutverk í félagsmótun hans og er vermi-reitur fyrir tengslamyndun og heilbrigðan tilfinningaþroska. Nauðsynlegt er að foreldrar styðji við bakið á börnum sínum en þeim ber skylda til að ala börn sín upp samkvæmt grunngildum hins lýðræðislega samfélags. Þetta felur meðal annars í sér að foreldrar sjái til þess að börn þeirra fræðist og verði sjálfstæðir og ábyrgir einstaklingar. Fjölskyldueiningin gegnir því þýðingarmiklu hlutverki innan samfélagsins og er þess vegna mikilvægt að fjölskyldum sé veittur stuðningur til að rækja þessar skyldur sínar.

Hagsmunir fjölskyldunnar eru margþættir og snerta mörg ólík svið innan samfélagsins. Sökum þess er mikilvægt að þeir aðilar sem eru stefnumótandi innan hvers sviðs, svo sem heilbrigðis, félagslegra réttinda, menntunar, hús-næðis, umhverfis og menningar, samræmi störf sín til að vinna þeirra móti hagstæð lífsskilyrði fyrir fjölskyldur landsins. Þar þarf ekki síst að hafa í huga hversu fjölbreytilegar fjölskyldur geta verið og þarfir þeirra misjafnar. Þess vegna er mikilvægt að fyrir hendi liggi heildarsýn yfir þau málefni er lúta að fjölskyldunni og stjórnvöld eru að vinna að.

Mikilvægt er að samfélagið hlúi vel að fjölskyldum sínum og skapi þeim þroskavænleg skilyrði. Í nútímasamfélögum er það viðurkennt að hið opinbera sjái fjölskyldum fyrir ákveðinni þjónustu og stuðningi í því augnamiði að einstaklingarnir geti þroskast og dafnað á eðlilegan hátt. Þar skiptir miklu máli að stuðlað verði að heilbrigði þeirra allt frá fæðingu einstaklingsins með góðri og skipulagðri heilbrigðisþjónustu.

Í upplýsingasamfélagi nútímans er ekki síður mikilvægt að öllum börnum sé gert kleift að stunda nám í samræmi við þroska og getu. Þess vegna er mikilvægt að viðhalda öfluglu skólastarfi þar sem fylgst er með þeim nýjungum sem koma fram í kennsluháttum og nemendur finna til öryggis og hvatningar. Jafnrétti til náms er einn af undirstöðubáttum í lýðræðislegu samfélagi þar sem nemendur fá notið sín í samræmi við eigin þroska og getu. Þetta er leið til að tryggja að einstaklingarnir verði virkir þátttakendur í samfélaginu og taki fulla ábyrgð á sjálfum sér.

Þýðingarmikið er að stjórnvöld fylgist vel með hvernig fjölskyldum vegnar innan samfélagsins svo unnt sé að bjóða fram nauðsynlega þjónustu þegar á þarf að halda. Ýmislegt getur orðið til þess að einstaklingar þurfi á tímabundinni eða varanlegri utanaðkomandi aðstoð að halda til að geta lifað sem eðlilegustu lífi. Því er lagt kapp á að hvetja fjölskyldur til sjálfsbjargar með því að aðstoða þær við að standa á eigin fótum.

2. Þjónusta og stuðningur við fjölskyldur

2.1. Heilbrigðiskerfið

2.1.1. Almenn

Íslenskri heilbrigðisþjónustu er ætlað það hlutverk að bæta almennt heilsufar þjóðarinnar. Allir landsmenn eiga óháð kynferði, trúarbrögðum, skoðunum, aldri, þjóðernisuppruna, lítarhætti, efnahag, ætterni og stöðu rétt á fullkomnu heilbrigðisþjónustu sem unnt er að veita á hverjum tíma. Í þessu felst að heilbrigðisþjónustan sem fólk hefur aðgang að á að vera eins fullkomin og mögulegt er og hún á að vera sambærileg fyrir alla. Til að ná fram tilgangi þjónustunnar þarf að tryggja öllum íbúum landsins sem jafnastan aðgang að öflugri heilbrigðisþjónustu og að aðgengi að þjónustunni sé auðvelt.

Í þessu sambandi er einkum mikilvægt að huga að þeim þjóðfélagshópum sem verst standa í heilsufarslegum efnum en rannsóknir hér á landi sýna að þjóðfélagsstaða hefur áhrif á heilsufar fólks og sést það vel af sterkri fylgni heilsu, menntunar, tekna og stéttar. Markmið stjórnvalda er því að draga úr mun á lífslíkum einstakra þjóðfélagshópa um að minnsta kosti 25% fram til ársins 2010 og jafnframt að draga úr mun á aðgengi þjóðfélagshópa og íbúa mismunandi byggðarlaga að heilbrigðisþjónustu.

Veikindi eða slys gera sjaldnast boð á undan sér og því er sjúklingur eða hinn slasaði og fjölskyldur þeirra yfirleitt ekki undirbúin sérstaklega undir áfallið er siglir í kjölfarið. Álagið eykst innan fjölskyldunnar sem getur haft neikvæðar afleiðingar á fjölskyldulífið og heilsu einstakra fjölskyldumeðlima ef ekkert er aðhafst. Þess vegna er mikilvægt að einstaklingar séu upplýstir um rétt sinn og hvaða úrræði eru í boði. Því er nauðsynlegt að þeir sem hlut eiga að máli eigi greiðan aðgang að upplýsingum um þá þjónustu sem í boði er, til dæmis réttinn til upplýsinga og áfallahjálp.

Í þeim tilgangi að styrkja réttarstöðu sjúklinga gagnvart heilbrigðisþjónustunni og hlúa að því trúnaðarsambandi sem ríkja þarf milli þeirra og heilbrigðisstarfsfólks sem annast þá var sett sérstök löggjöf um réttindi sjúklinga. Rétturinn til upplýsinga um heilsufar og meðferð er hluti af grundvallarréttindum sjúklinga. Þó þurfa heilbrigðisstarfsmenn að veða og meta hvenær sjúklingurinn er tilbúinn til að fá upplýsingar og að skapa heppilegar aðstæður til að miðla þeim. Lögð er áhersla á að heilbrigðisstarfsmenn gefi sér tíma til að hlusta á sjúklinginn og virði skoðanir hans en ávallt skal koma fram við sjúkling af virðingu. Einnig ber heilbrigðisstarfsmönnum að sjá til þess að sjúklingar sem ekki tala íslensku eða þeir sem nota táknmál skilji þær upplýsingar sem þeim eru veittar. Sjúklingum sem eru sjúkratryggðir hér á landi er tryggð túlkun á erlend tungumál eða táknmál eftir því sem við á. Jafnframt eiga sjúklingur og nánustu vandamenn hans rétt á að njóta andlegs, félagslegs og trúarlegs stuðnings auk þess sem sjúklingur á rétt á að njóta stuðnings fjölskyldu, ættingja og vina meðan á meðferð stendur.

2.1.2. Bætt heilsufar, forvarnir og heilsuvernd

Mikilvægt er að stuðla að öflugri mæðra- og ungbarnavernd í þeim tilgangi að tryggja heilbrigt líf frá upphafi ævinnar. Tilgangur ungbarnaverndar er að fylgjast reglulega með heilsu og framförum á þroska barna og veita foreldrum stuðning þannig að börnum séu búin bestu mögulegu uppvaxtarskilyrði á hverjum tíma. Fjöldi vitjana á fyrstu mánuðunum er miðaður við þarfir fjölskyldunnar. Árangur á sviði ungbarnaverndar hefur verið mjög góður á Íslandi sem meðal annars sést á lágri dánartíðni ungbarna samanborið við önnur lönd. Engu að síður er það markmið að gera enn betur og er stefnt að því að ungbarnadaði verði undir þremur dauðsföllum á hver 1.000 fædd börn árið 2010.

Heilsugæsla ungra barna miðar einkum að því að fylgjast með andlegum, líkamlegum og félagslegum þroska þeirra í því augnamiði að finna þau börn sem þarfnast frekari rannsóknar og meðferðar. Þroski barnsins er metinn eftir staðli og hefur landlæknir gefið út leiðbeiningar þar að lútandi. Er stefnt að því að þessum leiðbeiningum verði fylgt varðandi reglubundið mat á börnum á aldrinum 0–6 ára til að auka líkurnar á því að börn sem þurfa á frekari aðstoð að halda njóti hennar sem fyrst. Eykur það möguleika barnsins að njóta sín sem einstaklingur í samfélaginu.

Margar hættur leynast í nánasta umhverfi barna og ungs fólks, innan heimila þeirra og utan. Slys eru langalgengasta dánarorsök hjá ungu fólki. Er því mikilvægt að draga úr slysatíðni barna og ungs fólks en stefnt er að því að dregið verði úr slysum og slysaðaða barna um 25% fram til ársins 2010. Í þeim tilgangi að ná fram þessu markmiði er í gangi þriggja ára átaksverkefni til fækkunar slysa á börnum og unglingum. Verkefninu er ætlað að efla og samhæfa aðgerðir þeirra sem þegar vinna að slysavörnum barna og unglinga, tryggja tengsl við ýmsar opinberar stofnanir, sveitarfélög, félagasamtök og faghópa og skilgreina á hverra ábyrgð hvers konar aðgerðir í forvörnum eru. Ein höfuðforsenda skynsamlegs forvarnastarfs er að gott samstarf sé milli þeirra sem vinna að slysaþráningu, rannsóknum og forvörnum.

Einn hluti þess að bæta lífsgæði og aðstæður ungs fólks er að auka fræðslu ungmenna um kynlíf, getnaðarvarnir og barneignir. Þetta felur meðal annars í sér að draga úr ótímabærum þungunum ungra kvenna og fóstureyðingum. Stór hluti ungra mæðra er einstæður og möguleikar þeirra til menntunar og starfsframa eru í mörgum tilvikum takmarkaðir. Þar af leiðandi eru líkur á því að bág staða mæðranna geti haft slæmar heilsufarslegar og félagslegar afleiðingar fyrir börnin. Þá er mikilvægt að kynfræðsla stuðli að heilbrigðu kynlífi með hliðsjón af líkamlegum, félagslegum og siðferðilegum þáttum. Er þetta einkum nauðsynlegt til að draga úr tíðni kynsjúkdóma en stefnt er því að gera getnaðarvarnir aðgengilegri fyrir fólk en nú er.

Mikilvægt er að stuðla að bættu geðheilbrigði landsmanna með aukinni þjónustu við þá sem eiga við geðsjúkdóma að stríða og stuðla að auknum forvörnum í geðheilbrigðismálum fyrir fullorðna, ekki síst hjá eldra fólki. Er stefnt að því að dregið verði úr tíðni geðraskana um 10% fram til ársins 2010. Nauðsynlegt er að sinna einstaklingum sem eiga við langvinna geðsjúkdóma að stríða og mikilvægt er að aðgerðir þeirra aðila sem sinna þeim séu samhæfðar. Slíkt er einnig til þess fallið að létta af því álagi sem fjölskyldur geðfatlaðra upplifa þegar þeirra nánustu fá ekki viðeigandi aðstoð og þjónustu. Ekki síst er þýðingarmikið að huga betur að geðheilbrigðismálum í ljósi þess að sjálfsvígum hefur fjölgað hjá ungum karlmönnum. Er því talið mikilvægt að treysta þjónustu við þá sem eru í áhættuhópum vegna fyrri sjálfsvígstírauna og er meðal annars stefnt að því að draga úr tíðni sjálfsvíga um 25% fram til ársins 2010.

2.1.3. Langveik börn

Þjónusta heilbrigðiskerfisins skal miðast við sérstakar þarfir langveikra barna og fjölskyldna þeirra. Í þeim tilgangi er stefnt að því að bæta aðstöðu langveikra barna á sjúkrahúsum en liður í því er að hefja byggingu Barnaspítala Hringisins. Jafnframt hefur barnadeild Fjórðungssjúkrahúss Akureyrar flutt í nýtt og sérhannað húsnæði. Síðar er fyrirhugað að fjölga úrræðum fyrir hjúkrunar- og langtímameðferð langveikra barna og unglinga. Áhersla verður lögð

á stofnun hjúkrunarheimilis fyrir langveik og langveik fötluð börn þegar lokið hefur verið við byggingu Barnaspítala Hringsins. Einnig er markmið að efla heimahjúkrun fyrir langveik börn en aukin hefur verið heimild í fjárlögum fyrir heimahjúkrun barna á vegum sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðinga.

Áhersla er lögð á málefni barna og unglunga með geðraskanir. Stefnt er að því að geðheilbrigðisþjónusta nái árlega til 2% barna og unglunga á aldrinum 0–18 ára óháð búsetu árið 2010 en talið er að árlega nái geðheilbrigðisþjónusta barna einungis til um 0,4–0,5% barna á aldrinum 0–18 ára. Fjárveitingar til reksturs Barna- og unglिंगageðdeildar Landspítalans hafa verið auknar til að ráða fleira starfsfólk og efla faglegt starf. Enn fremur hefur verið sett á laggirnar bráðamóttaka fyrir þennan hóp. Ráðgert er að síðar verði unnið að undirbúningi að opnun deildar fyrir langtímameðferð á vegum Barna- og unglिंगageðdeildar Landspítala fyrir unglunga. Einnig er mikilvægt að efla sérfræðiþjónustu (sálfræðinga, iðjuþjálfara eða félagsráðgjafa) vegna greiningar og meðferðar barna með geðraskanir á heilsugæslustöðvum. Í þeim tilgangi er í undirbúningi tilraunaverkefni á þremur heilsugæslustöðvum sem stendur í tvö ár.

Stuðlað verður að eflingu þverfaglegar teymisvinnu (samstarfshópa) á sjúkrahúsum þannig að aðgangur langveikra barna og fjölskyldna þeirra að fjölskylduráðgjöf verði aukinn. Í þessu skyni verður aukin þjónusta félagsráðgjafa og sálfræðinga á barnadeildum sjúkrahúsanna. Þegar börn eiga í hlut er það stefna heilbrigðisyfirvalda að stuðla að því að aðstandendur sjúkra barna geti dvalið hjá þeim þurfi börnin að dveljast á sjúkrahúsi. Er því unnið markvisst að því að færa aðstöðu fyrir foreldra barna á sjúkradeildum í betra horf. Á heilsugæslustöðvum mun sálfræðiþjónusta jafnframt verða aukin hvað varðar greiningu, meðferð og stuðning fyrir langveik börn.

Stefnt er að því að nýta upplýsinga- og fjarþjónustu í auknum mæli í heilbrigðisþjónustunni með tilliti til þarfa langveikra barna. Í því skyni verði meðal annars eflur búnaður til fjarkennslu og fjarfunda í heilbrigðiskerfinu, áhersla lögð á tölvubúnað og nettengingar fyrir börn og unglunga á sjúkrahúsum og uppbyggingu fjarþjónustu hraðað. Þetta er einkum gert í þeim tilgangi að auðvelda langveikum börnum að halda tengslum við umhverfi sitt, svo sem bekkinn í skólanum, og þeim gert kleift að hafa samskipti við jafnaldra sína og fjölskyldu, til dæmis í síma eða með tölvum.

Á síðastliðnum árum hefur orðið fjölgun langveikra nemenda í grunnskólum landsins. Mikilvægt er að skapa þeim ákjósanleg skilyrði til náms og efla meðal annars starf skólahjúkrunarfræðinga sem gegna mikilvægu hlutverki við móttöku og umönnun langveikra barna í skólum. Í þeim tilgangi verður fjölgað heimildum í heilsugæslu til að auka megi stuðning við langveik börn í grunnskólum.

2.2. Íslenska skólakerfið

2.2.1. Almenn

Frumábyrgð á uppeldi og menntun hvílir á foreldrum og má með sanni segja að menntun hvers einstaklings hefjist innan fjölskyldunnar. Menntun og velferð barna og ungmenna er sameiginlegt verkefni heimila og skóla. Er því mikilvægt að samstarfið byggist á gagnkvæmri virðingu, gagnkvæmu trausti, samábyrgð og gagnkvæmri upplýsingamiðlun á öllum stigum skólakerfisins. Í íslenska skólakerfinu er gert ráð fyrir að foreldrar taki þátt í mótun skóla-samfélagsins og vinni að því með kennurum og öðrum starfsmönnum skóla að koma markmiðum skólastarfs í framkvæmd.

Kennsla í skólum beinist að því að hjálpa börnum og ungu fólki að tileinka sér þekkingu og skilning, að móta sér skoðanir og viðhorf ásamt því að ná leikni og færni á tilteknum sviðum. Langflest börn hafa notið þess að vera í leikskóla til lengri eða skemmri tíma áður en grunnskólagangan hefst. Skólaskylda hefst við sex ára aldur og bera foreldrar ábyrgð á því að nemendur innritist í grunnskóla og sækja hann. Þegar grunnskóla lýkur eftir 10. bekk eiga allir nemendur kost á að hefja nám í framhaldsskóla, annaðhvort í bóknámi, starfsnámi, almennri braut eða sérdeildum.

Ný skólastefna er grundvöllur umbóta í íslensku skólastarfi. Á árunum 2000–2003 tekur ný aðalnámskrá á þremur fyrstu skólástigum landsins gildi, þ.e. fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Hún felur meðal annars í sér að stuðla að styrku og heilsteypu skólastarfi þar sem námskröfur verða hertar en jafnframt gerðar skiljanlegar öllum sem að skólastarfinu koma. Markmiðið er jafnframt að auka sveigjanleika í námi, bæði á grunn- og framhaldsskólástigi, með því að auka val nemenda í þeim tilgangi að bæta árangur þeirra. Mikilvægt er að gera kosti nemenda skýra, margbreytilega og afdráttarlausa.

Með nýrri skólastefnu er stefnt að því að skapa góðan vinnuanda í hverjum skóla og einstökum bekkjardeildum. Verða meðal annars gerðar auknar kröfur um námsaga og sjálfsaga nemenda, góða umgengni, jákvæð samskipti, umburðarlyndi, kurteisi og háttvísa framkomu. Spornað verður gegn einelti í skólum en í samvinnu við heimilin ber að leggja áherslu á það í grunnskólum að efla siðgæðisvitund og ábyrga hegðun nemenda.

2.2.2. Skólástigin

Leikskólinn er fyrsta skólástigið í skólakerfinu og ætlaður börnum undir skólaskyldualdri. Menntamálaráðuneytið gefur út aðalnámskrá leikskóla en sveitarfélögin sjá um rekstur skólanna. Sérhver leikskóli skipuleggur starfsemi sína og gerir áætlanir sem byggja á markmiðum aðalnámskrár. Er markmiðið með nýrri aðalnámskrá að yngstu börnin fái enn betri þjónustu í

leikskólum með fleiri menntuðum leikskólakennurum. Börn á leikskólaaldri sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika eiga rétt á henni innan leikskólans undir handleiðslu sérfræðinga.

Menntamálaráðherra setur einnig aðalnámskrá fyrir grunnskóla sem tekur til allra nemenda og setur sameiginleg markmið náms og kennslu í öllum grunnskólum landsins. Í aðalnámskrá grunnskóla er kveðið á um uppeldis- og menntunarhlutverk grunnskólans og sett fram meginstefna um kennslu og kennsluskipan. Gert er ráð fyrir að þorri nemenda eigi að geta náð flestum markmiðum námskrárinnar á sama tíma. Ljóst er þó að einhver hluti nemenda ræður vel við fleiri og flóknari markmið en aðrir þurfa lengri tíma og laga þarf námið sérstaklega að þeim. Sérhver grunnskóli skal útfæra markmið aðalnámskrár í skólanámskrá.

Nám á framhaldsskólastigi telst ekki skyldunám og fela inntökuskilyrðin í sér að nemandi þarf að hafa náð tilteknum lágmarksárangri í tilteknum greinum til að geta innritast á námsbrautir framhaldsskóla aðrar en almenna braut. Við ákvörðun inntökuskilyrða er tekið tillit til námsárangurs bæði á samræmdum prófum og skólaprófum. Með nýrri aðalnámskrá er frelsi nemenda til að móta eigin námsleiðir aukið og er þeim treyst til að taka skynsamlegar ákvarðanir um námið með hliðsjón af áhugasviðum og framtíðaráformum.

Stefnt er að því að tryggja sérþekkingu og fjölbreytileika í atvinnulífi með öflugum iðn- og starfsmenntakerfi. Gert er ráð fyrir að gerð nýrra námskráa verði lokið á næstu þremur árum. Stefnumótun í starfsnámi leiði af sér fleiri námstilboð, skýrar námskröfur og sterkari tengingu starfsmenntunar við atvinnulífið auk þess sem ekki verði lokað á leiðir til háskólanáms.

2.2.3. Jafnrétti til náms

Jafnréttiskrafa til menntunar og alhliða þátttöku í þjóðfélaginu hvílir á öllum sem sinna skólastarfi. Þetta felur ekki endilega í sér sömu úrræði fyrir alla heldur sambærileg og jafngild tækifæri. Með nýrri aðalnámskrá er aukin áhersla á jafnrétti til náms sem er fólgið í því að bjóða nemendum nám og kennslu við hæfi og gefa þeim tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali. Er því markmiðið að í skólastarfi ríki fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum á öllum skólastigum. Það er skylda hvers skóla að laga námið sem best að nemendum hverju sinni og eiga nemendur rétt á viðfangsefnum sem henta námsgetu þeirra og hæfni. Skulu verkefni höfð jafnt til drengja og stúlkna, nemenda í dreifbýli sem þéttbýli, fatlaðra og ófatlaðra, óháð uppruna, trú og litarhætti.

Stefnt er að því að sérþarfir nemenda verði metnar þegar í upphafi skólagöngu og lögð verði áhersla á að þeir fái kennslu og þjálfun við hæfi. Öll grunnskóla-

börn geta meðal annars frá og með hausti 2000 gengist undir lesskimun sem leiðir í ljós líkur á lesblindu. Þá verður unnið að því að fötluðum nemendum standi til boða sambærileg tækifæri og öðrum nemendum og stefnt að því að sérdeildir fyrir fjölfatlaða og þroskahefta nemendur í framhaldsskólum verði eflidar. Fatlaðir nemendur fá meðal annars tækifæri til að stunda nám í framhaldsskóla í allt að fjögur ár í stað tveggja enda taki námstilboð mið af þroska og hæfileikum.

Í aðalnámskrá grunnskóla eru kröfur um að skólar bjóði heyrmarlausum börnum að læra og þroskast á eigin forsendum. Táknmál hefur grundvallarþýðingu fyrir málþroska, persónuleika og hugsun heyrmarlausra einstaklinga. Jafnframt er táknmálið mikilvægasta uppspretta þekkingar og leið til að taka þátt í íslenskri menningu og í menningu heyrmarlausra. Samfara táknmálkennslunni er mikilvægt að heyrmarlausum nemendum verði gefinn kostur á að tileinka sér íslensku. Er því lögð áhersla á tvítyngistefnu þar sem táknmálið er fyrsta mál en íslenskan annað mál. Kennsla í íslensku fyrir heyrmarlaus börn verður því að taka mið af því að börnin eru að læra sitt annað tungumál og aðaláherslan verður að vera á ritmálið þar sem sá heyrmarlaus lærir íslensku í gegnum sjón en ekki heyrn.

2.2.4. Samvinna foreldra og skóla og velferð nemenda

Mikilvægt er að foreldrar fylgist vel með skólagöngu barna sinna, líðan þeirra í skóla, námsárangri og framförum. Þegar foreldrar sýna áhuga á því sem barn þeirra er að gera í skólanum og taka virkan þátt í starfi þess, til dæmis í tengslum við heimanám, aukast líkurnar á vellíðan þess og árangri. Því er brýnt að skólar gefi reglulega skýrar og góðar upplýsingar um skólustarfið og áætlanir sem liggja fyrir um starfsemi skólans. Er það markmið að skólar leiti leiða til að auka samstarf við foreldra. Ýmsar leiðir eru færar fyrir skólana til að gefa upplýsingar um skólustarfið, til dæmis í foreldraviðtölum, á sameiginlegum kynningarfundum með foreldrahópum, í skólanámskrá og á vefsíðu skólans.

Öflugt foreldrastarf og sterk samstaða um grundvallarviðmið er traust forvörn gegn hvers kyns vá, til dæmis fíkniefnum og einelti. Foreldraráð eru starfandi í grunnskólum landsins en þar hafa skólarnir tækifæri á að kynna áform sín og fá formleg viðbrögð foreldra við þeim. Hlutverk þeirra er meðal annars að fjalla um og gefa umsögn til skólans og skólanefndar um skólanámskrá sem öllum skólum er skylt að gefa út árlega. Brýnt er að foreldrar nýti þennan formlega vettvang til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og komi með tillögur til umbóta.

Stundum stafar áhugaleysi foreldra á námi barna sinna af þeirri ástæðu að þeir vita ekki hvernig þeir geta tekið virkan þátt í starfi þeirra í skólanum. Sökum þessa er mikilvægt að skólinn standi fyrir fræðslu til foreldra um hvernig þeir

geti nálgast viðfangsefni barnanna á áhugaverðan hátt og veiti þeim aðgang að því efni sem barnið er að fást við hverju sinni. Þetta getur falist í því að vekja athygli foreldra á því hvernig bækur, myndbönd, tölvur og önnur kennslutæki geta komið að gagni. Jafnframt að hvetja foreldra til að fara með börnum sínum á ýmiss konar listasöfn, bókasöfn og aðrar sambærilegar stofnanir þar sem foreldrar geta aðstoðað börn sín við að skilja betur það efni sem verið er að kenna í skólanum hverju sinni. Mikilvægt er að upplýsingagjöf milli foreldra og starfsfólks skóla sé gagnkvæm og virk.

Þá er þýðingarmikið að foreldrar og starfsfólk skólanna hjálpist að við að undirbúa börnin á sem bestan hátt fyrir þátttöku þeirra í samfélaginu. Námsgreinin lífsleikni er til þess fallin að aðstoða nemendur við að rækta með sér andleg verðmæti, líkamlegt heilbrigði og sálrænan styrk. Í því felst að leiðbeina nemendum við að efla félagsþroska sinn, siðferðisvitund og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum en allt eru þetta lykilþættir velfarnaðar í lífinu. Þar er meðal annars átt við hvers kyns framkomu, verknað og orðræðu sem snertir samskipti við aðra nemendur, kennara, annað starfsfólk skóla, foreldra og aðra sem nemendur umgangast. Jafnframt verður leitast við að styrkja áráði þeirra, frumkvæði, eðlislæga sköpunargáfu og aðlögunarhæfni til að takast á við kröfur og ákoranir sem verða á vegi sérhvers manns á leið hans í gegnum lífið.

2.3. Félagspjónusta sveitarfélaga

2.3.1. Almenn

Markmið félagspjónustu sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpur og jöfnum rétti til lífsgæða. Þetta felur í sér að þeir einstaklingar sem standa höllum fæti eiga rétt á aðstoð til að bæta lífskjör sín og til sjálfstæðs lífs og virkrar þátttöku í samfélaginu. Stefnt er að því að gera félagspjónustu sveitarfélaga jafnvíga annarri velferðarþjónustu, svo sem heilbrigðisþjónustu og menntakerfi.

Löggjafinn setur fram lagaramma utan um markmið þjónustunnar sem sveitarfélögin sjá svo um að framkvæma. Stefnt er að því að félagspjónustan þjóni öllum hópum samfélagsins, þar með töldum ófötluðum og fötluðum einstaklingum, sjúkum og öldruðum. Áhersla er lögð á að hæft og menntað starfsfólk sjái um að veita sérhæfða þjónustu. Sérstaklega er þýðingarmikið að þeir sem veita fólki ráðgjöf í einkamálum þess hafi til þess tilskilda menntun.

Félagsmálanefndir sveitarfélaga skulu eiga frumkvæðið að því að aðilar sem koma nærri málefnum félagspjónustunnar eigi með sér reglubundið samstarf og að sjónarmið sem eru þýðingarmikil fyrir þjónustuna skili sér til annarra stjórnvalda eða aðila eftir því sem þörf er á, svo sem til skóla, heilsugæslu eða lögreglu. Reglubundið samstarf félagspjónustunnar við önnur stjórnvöld er til

Þess fallið að einstaklingum og fjölskyldum bjóðist nauðsynleg þjónusta á öðrum sviðum en félagsþjónustunnar fyrr en ella.

Miða skal við að sú félagsþjónusta sem einstaklingum er veitt sé fjölbreytt og við hæfi hvers og eins. Með þjónustunni er stefnt að því að einstaklingar og fjölskyldur geti lifað eðlilegu og mannsæmandi lífi. Einstakir þættir þjónustunnar skulu því miðast við þarfir en ekki við einstaka hópa fólks. Það kemur í hlut starfsfólks félagsþjónustunnar að meta þörf hvers og eins fyrir sig og skal það gert á málefnalegum forsendum. Er því mikilvægt að sveigjanleiki sé hafður í fyrirrúmi enda tilvikin og þarfirnar fjölbreyttar.

Þjónustan skal jafnan vera veitt í samráði við einstaklinginn sjálfan þannig að tekið sé tillit til óska hans eftir því sem kostur er. Í því sambandi er nauðsynlegt að þjónustan sé auðskiljanleg og aðgengileg almenningi. Við framkvæmd hennar skal forðast sérgreiningu þeirra sem þjónustunnar njóta og gæta þess að virðing fyrir fólki sé ávallt höfð í öndvegi. Þannig er gert ráð fyrir að borin sé virðing fyrir þörfum einstaklingsins og sjónarmiðum hans.

Mikilvægt er að samhliða því að veita aðstoð og stuðning á vegum félagsþjónustunnar leiðbeini starfsmenn hennar fólki hvert það geti leitað ef í ljós kemur þörf á þjónustu á vegum annarra aðila, svo sem skóla eða heilsugæslu. Getur aðstoð starfsmanna meðal annars falist í því að hlutast til um að einstaklingur eða fjölskyldur fái viðeigandi þjónustu eða tryggja að viðkomandi fái aðgang að réttum aðilum.

Er með þessu lögð áhersla á mikilvægi þess að önnur kerfi, svo sem almanna-tryggingakerfið, heilbrigðiskerfið og skólarnir, vinni vel saman með félagsþjónustunni. Slíkt getur verið forsenda þess að úrræði skili tilætluðum árangri. Starfsmenn félagsþjónustunnar skulu því vinna að því að ekki opnist glufur í velferðarkerfinu og heildarsýn haldist.

2.3.2. Félagþjónusta við einstaklinga og fjölskyldur

Þýðingarmikið er að sérhverri fjölskyldu sé gert kleift að sjá sér farborða og njóta sjálfstæðis í hvívetna. Eykur það ósjálfrátt líkurnar á því að einstaklingar innan fjölskyldunnar fái notið sín á þeim sviðum sem þeir kjósa. Af þessari ástæðu er það markmið félagsþjónustu sveitarfélaganna að hvetja einstaklinga til ábyrgðar á sjálfum sér og styrkja þá til sjálfshjálpar. Slík aðstoð getur falist í hvers konar fjölskylduráðgjöf, fjárhagsaðstoð, húsnæði og búsetu, aðstoð til að koma til móts við sérstakar þjónustuþarfir, auk annarrar þjónustu sem sveitarfélögin telja þörf á hverju sinni.

Stefnt er að því að einstaklingar og fjölskyldur fái sérhæfða ráðgjöf í tengslum við þá þjónustu er þeir þurfa í þeim tilgangi að þjónustan megi nýtast þeim sem best. Er til dæmis mikilvægt að veitt sé ráðgjöf í fjármálum samhliða fjár-

hagsaðstoð en slík aðstoð er veitt til að leysa úr bráðum vanda og styðja fólk til að vera sjálfbjarga til frambúðar. Þá eiga einstaklingar og fjölskyldur rétt á ráðgjöf og leiðbeiningum í einkamálum, svo sem um uppeldi barna, forsjár- og umgengnismál eða sérhæfða ráðgjöf í málefnum fatlaðra eða af öðrum ástæðum.

Mikilvægt er að ráðgjöfin sé þverfagleg þegar við á og sérfræðingar kallaðir til eftir því sem þörf er á. Verður lögð áhersla á að hæft og menntað starfsfólk starfi að þessum málum þar sem fyllsta trúnaðar verði gætt og sjónum beint að þörfum einstaklingsins eða fjölskyldunnar sem þarf á þjónustunni að halda.

2.3.3. Aðstoð til að koma til móts við sérþarfir

Markmið er að styðja sérhvern einstakling til sjálfsbjargar, efla sjálfstraust hans og sjálfsvirðingu. Í þeim tilgangi er þeim sem geta ekki af einhverjum ástæðum séð hjálparlaust um heimilishald eða lifað eðlilegu lífi, innan heimilis sem utan, án sérstakrar aðstoðar, svo sem vegna aldurs, barnsburðar, veikinda, fötlunar eða félagslegra aðstæðna, veitt sérstök þjónusta. Er einstaklingnum þannig gert kleift að búa sem lengst í heimahúsi og þar með eins sjálfstætt og mögulegt er.

Mikilvægt er að aðstoðin miði að því að rjúfa félagslega einangrun þeirra sem þurfa á sérstakri þjónustu að halda, til dæmis aðstoð við að njóta menningar og félagslífs. Áhersla er á fjölbreytileika þjónustunnar, þ.e. aðstoð við heimilishald og persónulega umhirðu, margþættur félagslegur stuðningur og aðstoð vegna umönnunar barna. Í þessu felst meðal annars að nauðsynlegt er að veita þjónustuna á þeim tíma sólarhrings sem þörf krefur, til dæmis á kvöldin og um helgar.

Þýðingarmikið er að einstaklingum sem ekki geta farið ferða sinna af eigin rammleik eða nýtt sér almenn samgöngutæki sé auðveldað að ferðast milli staða vegna náms, atvinnu, þjónustu og tómstunda. Til að mæta þeirri þörf er stefnt að því að sveitarfélögin sjái fyrir svokallaðri ferðaþjónustu sem felst í að aðstoða fatlaða og aldraða sem eiga í erfiðleikum með að komast leiðar sinnar.

2.3.4. Sérstök þjónusta við fjölskyldur fatlaðra og langveikra

Fötluð og langveik börn eiga kost á skammtímadvöl utan heimilis síns. Um er að ræða stuðningsfjölskyldur, skammtí mavistun og sumardvöl eða aðra tíma- bundna vistun í skólaleyfum barna. Markmið slíkrar dvalar er einkum tvenns konar. Annars vegar er henni ætlað að veita þeim sem þjónustunnar njóta tilbreytingu frá hinu daglega lífi en hins vegar er hún til þess gerð að létta álagi af fjölskyldunni og getur verið forsenda þess að barnið geti búið í heimahúsi. Þessi þjónusta er ekki einskorðuð við börn heldur geta fullorðnir sem búa í heimahúsum einnig átt rétt á þessari þjónustu.

Dæmi um slíka þjónustu er að fatlað barn dveljist hjá stuðningsfjölskyldu þrjá til fimm daga í mánuði árið um kring og auk þess í skammtímadvöl viku eða hálfan mánuð í senn nokkrum sinnum á ári. Miðað er við að hámarksdvöl hjá stuðningsfjölskyldu sé fimm sólarhringar í mánuði. Sérstök þjónusta er þó í boði ef aðstæður eru þannig að fjölskylda barnsins geti ekki annast það af óviðráðanlegum ástæðum en þá á fjölskyldan kost á tímabundinni dvöl barnsins hjá stuðningsfjölskyldu. Þjónusta í skammtímavistun getur í undantekningartilvikum einnig verið hluta úr sólarhring ef það hæfir betur þörfum viðkomandi einstaklings og fjölskyldu hans.

2.4. Barnavernd

Fjölskylda barns gegnir mikilvægu hlutverki í uppeldi þess en foreldrum ber réttur og skylda til að annast barn sitt og veita því viðunandi lífsskilyrði. Mikilvægt er að foreldrum sé veitt mikið svigrúm til að ákveða með hvaða hætti þeir haga aðbúnaði og uppeldi barna sinna í samræmi við efnahag þeirra, félagslega stöðu auk trúar- og siðferðissskoðana svo lengi sem velferð barnsins er tryggð.

Fyrir kemur að foreldrar sinni ekki umönnunarskyldu sinni gagnvart barni sínu af ýmsum ástæðum þannig að hagsmunum barnsins er jafnvel stefnt í voða. Þegar svo stendur á er það skylda hins opinbera að grípa til þeirra ráðstafana sem mega verða til að tryggja velferð barnsins. Sama á við þegar barn stefnir eigin heilsu eða þroska í hættu með hegðun sinni, svo sem með neyslu áfengis eða annarra vímuefna, afbrotum eða annarri jafn skaðlegri hegðun.

Þegar svo er komið skal kosta kapps um að afla sem nákvæmustu upplýsinga um hagi barns sem í hlut á og leita aðstoðar sérfræðinga eftir því sem þörf krefur. Stefnt er að því að barni og fjölskyldu þess sé veittur allur nauðsynlegur stuðningur með ráðgjöf, viðtölum og aðstoð við að nýta sér þau úrræði sem í boði eru eftir því sem best þykir henta högum og þörfum barns. Þá skulu barnaverndaryfirvöld láta gera skriflega áætlun um meðferð málsins sem síðan er unnið eftir.

Ávallt skal leitast við að þær ráðstafanir sem teljast nauðsynlegar raski stöðu og högum barnsins sem minnst en þær beinast fyrst og fremst að því að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar. Barnavernd getur falið í sér að veita foreldrum leiðbeiningar um uppeldi og aðbúnað barns og aðstoð við að leita sér meðferðar vegna veikinda, áfengis- og vímuefnaneyslu eða annarra persónulegra vandamála. Einnig eru foreldrum veittar upplýsingar um hvernig þeir geta leitað sér aðstoðar hjá félagsþjónustu sveitarfélaga til að geta bjargað sér sjálfir á nýjan leik eða notið þjónustu sem gerir þeim kleift að lifa sem eðlilegustu lífi.

Þó getur komið til þess að grípa þurfi til sérstakra ráða til verndar barni en meta verður í hverju einstöku tilfalli hvað barni er fyrir bestu en það ráð skal ávallt taka. Ef vista þarf barn í skamman tíma utan heimilis á meðferðarheimili eða fósturheimili skal leitast við að gera það í samráði við foreldra þess og eftir atvikum við barnið. Þegar grípa þarf til skammtímavistunar er unnið að því að barnið verði sem fyrst í umsjá foreldra sinna á nýjan leik svo fremi það fari ekki í bága við þarfir þeirra og hagsmuni.

Þegar grunur leikur á að framið hafi verið kynferðisbrot er varðar við XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og brotapolí er yngri en 18 ára þegar rannsókn máls hefst ber lögreglu samkvæmt 74. gr. a laga um meðferð opinberra mála að leita atbeina dómara sem sér um að taka skýrslu af honum. Í þeim tilgangi að minnka álagið sem vitnaleiðslur geta haft á börn hóf sérstakt Barnahús starfsemi sína í nóvember árið 1998. Þar starfa sérfræðingar sem hafa sérhæfingu í töku rannsóknarviðtala við börn sem grunur leikur á að hafi sætt kynferðislegu ofbeldi. Þeir geta einnig veitt sérfræðiráðgjöf við skýrslutöku yfir börnum en mikilvægt er að vel sé staðið að yfirheyrslum yfir börnum sem orðið hafa fyrir áfalli. Þá hefur jafnframt verið komið upp sérhannaðri aðstöðu í héraðsdómi Reykjavíkur til að taka skýrslu af börnum fyrir dómi.

Barnaverndarnefndir geta fengið ráðgjöf hjá sérfræðingum Barnahúss og fengið leiðbeiningar við könnun máls. Nefndirnar geta einnig óskað eftir rannsóknarviðtali sem lið í könnun nefndarinnar þegar máli hefur ekki verið vísað til rannsóknar hjá lögreglu. Læknisskoðun er enn fremur gerð ef barnaverndarnefnd, lögregla, forsjáraðilar barns eða barnið sjálf óska eftir því. Þá getur barnaverndarnefnd óskað eftir að fram fari greining og meðferð fyrir barn er upplýsingar úr rannsóknarviðtali gefa tilefni til að ætla að barn hafi þörf á slíkri þjónustu.

3. Fjárhagslegur stuðningur við fjölskylduna

3.1. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga

Markmið félagsþjónustu sveitarfélaga er meðal annars að tryggja fjárhagslegt öryggi íbúanna. Þegar fjölskyldur eiga í verulegum fjárhagskröggum sem leiða til þess að þær eiga í erfiðleikum með að framfleyta sjálfum sér af eigin rammleik geta þær sótt um fjárhagsstyrk til sveitarfélags síns sem metur þörfina fyrir styrkveitingu. Tilgangurinn er að hjálpa fjölskyldum til sjálfsbjargar en margar ástæður geta legið að baki því að fjölskyldur eigi í fjárhagsvandræðum, svo sem dauðsfall, sjúkdómur, skilnaður eða aðrar félagslegar aðstæður.

Sveitarfélögin skulu setja sérreglur um fjárhagsaðstoð sem fela í sér annars

vegar lágmarksfjárhæð aðstoðar með tilliti til fjölskylduaðstæðna og hins vegar ýmis sérákvæði vegna sérstakra aðstæðna. Lögð er áhersla á að miðað sé við þarfir einstakra fjölskyldna þannig að haft sé samráð við þann sem í hlut á hvernig fjárhagsaðstoðinni skuli hátað enda virðing fyrir fólki og tillitssemi höfð í fyrirrúmi. Fjárhagsaðstoð sveitarfélags skal alla jafna greidd sem styrkur. Leiði könnun á aðstæðum í ljós að eðlilegt sé að gera kröfur um endurgreiðslu með tilliti til eigna og framtíðartekna er heimilt að líta á aðstoðina sem lán sem er endurkrefjanlegt.

Í því augnamiði að fjárhagsaðstoðin nái fram tilgangi sínum er mikilvægt að boðið sé upp á ráðgjöf í fjármálum samhliða fjárhagsaðstoð. Þýðingarmikið er að slík ráðgjöf sé veitt af fagfólki og tryggt að fyllsta trúnaðar sé gætt. Getur ráðgjöfin ýmist verið á vegum fagfólks sveitarfélagsins eða Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Slík ráðgjöf er til þess fallin að hjálpa fjölskyldum að koma fjármálum sínum í réttan farveg, svo sem með breyttum neysluvenjum og skuldbreytingu lána hjá lánastofnunum.

3.2. Almennatryggingakerfið

3.2.1. Almennatryggingar – lífeyris-, sjúkra- og slysatryggingar

Almennatryggingar skiptast í þrjár greinar: lífeyristryggingar, sjúkratryggingar og slysatryggingar. Til lífeyristrygginga teljast elli- og örorkulífeyrir, tekjutrygging, örorkustyrkur og barnalífeyrir. Réttur til ellilífeyris miðast við búsetu hér á landi. Búseta í 40 ár á Íslandi á aldursbilinu 16–67 ára gefur rétt á óskertum ellilífeyri. Fleiri atriði ákvarða einnig eða skerða frekari rétt eða greiðslur, til dæmis tekjur, eignir, heilsufar og fleira. Örorkulífeyrir greiðist einstaklingum á aldrinum 16–67 ára sem metnir hafa verið til 75% örorku eða meira. Örorka er metin út frá læknisfræðilegum forsendum en ekki félagslegum. Ekki er greiddur örorkulífeyrir nema viðkomandi hafi verið búsettur hér á landi í a.m.k. þrjú ár. Fleira hefur áhrif á réttinn, svo sem hjúskaparstaða, tekjur og eignir. Tekjutrygging greiðist viðkomandi elli- eða örorkulífeyrisþega ef sá sami fær grunnlífeyri og aðrar tekjur eru undir eða innan ákveðinna marka. Að öðrum kosti fellur hún niður. Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 18 ára ef annað foreldrið er látið eða nýtur örorku- eða endurhæfingarlífeyris og lögheimilistími er þrjú ár eða meira.

3.2.2. Sjúkratryggingar – aðstoð, hjálp og þátttaka í sjúkrakostnaði

Í sjúkratryggingum er reglan sú að viðkomandi einstaklingur án tillits til ríkisfangs telst sjúkratryggður samkvæmt lögum um almennatryggingar ef hann hefur verið búsettur í skilningi lögheimilislaga hér á landi síðustu sex mánuði. Börn og unglingar yngri en 16 ára teljast sjúkratryggð með foreldrum sínum.

Ýmiss konar þátttaka í sjúkrakostnaði fellur undir sjúkratryggingar. Lífeyrisþegar og börn greiða til dæmis lægra gjald fyrir læknisþjónustu samkvæmt

ákveðnum reglum. Afsláttur er mögulegur af heilbrigðisþjónustu eftir að ákveðinni fjárhæð er náð. Tryggingastofnun tekur til dæmis þátt í tannlækningum og/eða tannréttingum barna og lífeyrisþega að vissu marki, kostnaði samfara sjúkrahúsvist, kostnaði vegna hjálpartækja, lyfjakostnaði eða ferðakostnaði. Tekjur geta haft áhrif á það hver þátttaka eða hlutdeild stofnunarinnar er.

3.2.3. *Slysatryggingar – við atvinnu, iðnnám, björgunarstörf og í íþróttum*

Slysatryggingum er ætlað að bæta fyrir slys er verða við atvinnu hins slasaða, iðnnám, björgunarstörf, íþróttæfingar, íþróttasýningar eða íþróttakeppni samkvæmt ákveðnum reglum. Í samræmi við þetta teljast þeir einstaklingar slysatryggðir sem eru starfsmenn, nemendur við iðnnám, útgerðarmenn, skipverjar, þeir sem vinna við björgunarstörf og þeir sem stunda íþróttir, æfa eða keppa hjá íþróttafélagi undir stjórn þjálfara eða leiðbeinanda.

Samkvæmt skilningi laganna teljast heimilisstörf ekki til atvinnu. Þeim sem stunda heimilisstörf er þó gert mögulegt að tryggja sér rétt til slysabóta með því að skrá í skattframtal hvers árs ósk um slysatryggingu við heimilisstörf.

Sérstakri sjúklingatryggingu er ætlað að tryggja rétt þeirra sem verða fyrir andlegu eða líkamlegu heilsutjóni í kjölfar lækniáðgerða, rannsókna eða meðferða á heilbrigðisstofnunum, hvort heldur þær eru í eigu ríkisins eða einkaaðila. Öllum sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum sem hafa starfsleyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er skylt að hafa vátrygginu í þessu skyni.

3.2.4. *Félagsleg aðstoð – „heimildabætur“*

Lög um félagslega aðstoð byggjast á svokölluðum heimildarákvæðum. Það þýðir að enginn lágmarksréttur er tryggður í þeim eins og til dæmis lögnum um almannatryggingar heldur er heimilt að veita einstaklingi tiltekna aðstoð eða greiða honum tilteknar greiðslur því aðeins að tekjur hans séu undir ákveðnum mörkum og að fjölskylduaðstæður eða félagslegar aðstæður hans mæli með því.

Meðal greiðslna sem teljast til félagslegrar aðstoðar og Tryggingastofnun annast eru heimilisuppbót, sérstök heimilisuppbót, endurhæfingarlífeyrir, makabætur, mæðra- og feðralaun, barnalífeyrir vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis 18–20 ára, umönnunargreiðslur, endurgreiðslur umtalsverðs kostnaðar vegna lyfja, læknishjálp, dánarbætur og m.fl. Auk þessa sem hér er nefnt annast sveitarfélög ákveðinn þátt félagslegrar aðstoðar.

3.2.5. *Á erlendri grund*

Þegar einstaklingar ferðast til útlanda, dveljast eða starfa tímabundið erlendis

eru samningar milli ríkja um félagslegt öryggi algengir. Viðtækastur þessara samninga er samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið. Áður en hann kom til hafði Ísland gert milliríkjasamninga við Norðurlönd um almannatryggingar auk Bretlands og Kanada um félagslegt öryggi. Mikilvægt er fyrir þá sem hyggja á dvöl erlendis, nám eða tímabundið starf að kynna sér vel rétt sinn, þar með talin nauðsynleg eyðublöð eða vottorð.

3.3. Skattkerfið

3.3.1. Almenn

Skattlagning og innheimta opinberra gjalda er málaflokkur sem snertir beint eða óbeint málefni fjölskyldunnar. Fjölskyldan nýtur þjónustu hins opinbera með ýmsum hætti en greiðir fyrir með sköttum sem annaðhvort eru lagðir beint á einstaka meðlimi fjölskyldunnar eða eru innheimtir með óbeinum hætti í verði þeirrar vöru og þjónustu sem fjölskyldan kaupir. Skattkerfið greiðir einnig út bætur til fjölskyldna og má þar til dæmis nefna barnabætur og vaxtabætur. Bætur þessar eru tengdar tekjum og eignum þeirra sem þær fá og koma þeim best sem hafa lægstu tekjurnar.

3.3.2. Persónuafsláttur

Þeir einstaklingar sem eru heimilisfastir hér á landi og hafa náð 16 ára aldri eiga rétt á skattkorti sem veitir þeim rétt til persónuafsláttar á álöögðum sköttum. Það sem nýtist ekki til lækkunar á reiknuðum tekjuskatti gengur til greiðslu útsvars og síðan eignarskatta. Í þeim tilgangi að hlúa að fjölskyldunni er að því stefnt að óráðstafaður persónuafsláttur færist til maka að fullu þegar um hjónaband eða staðfesta samvist er að ræða. Þessari stefnu verður fylgt eftir fram til ársins 2003 er hún kemur að fullu til framkvæmda. Kemur þá persónuafslátturinn til lækkunar á reiknuðum tekjuskatti eða gengur til greiðslu á útsvari og eignarskatti makans. Sama gildir um sambúðarfólk sem hefur heimild til samsköttunar og skilar sameiginlegu skattframtali. Skili sambúðarfólk ekki sameiginlegu skattframtali millifærast persónuafsláttur ekki.

Breytingar á fjölskylduhögum vegna andláts maka geta haft mikil áhrif á fjárhag fjölskyldunnar og þar með greiðslugetu hennar. Því getur verið erfitt fyrir eftirlifandi maka að standa undir skuldbindingum fjölskyldunnar. Af þessari ástæðu er eftirlifandi maka, aðila í staðfestri samvist eða sambúðaraðila (þegar um er að ræða sambúðarfólk sem uppfyllt hefur skilyrði fyrir samsköttun) heimilt að nýta persónuafslátt hins látna í níu mánuði, talið frá og með andlátsmánuði. Ætla má að þetta sé sá tími sem eftirlifandi maki geti gert nauðsynlegar ráðstafanir til létta á greiðslubyrði fjölskyldunnar. Falli maki frá í maí eða síðar á árinu færast réttur til nýtingar á hluta persónuafsláttar hans yfir áramót. Sömu reglur gilda um millifærslu persónuafsláttar á þessu níu mánaða tímabili og gilda um millifærslu persónuafsláttar hjá hjónum.

3.3.3. Barnabætur

Foreldrar sem fara með forsjá barna sinna eiga rétt til svokallaðra barnabóta en við ákvörðun barnabóta er miðað við fjölskyldustöðu, þ.e. tekjur foreldra og barnafjölda. Barnabætur eru tilkomnar til að létta undir með barnafólki og hækkar fjárhæðin eftir fjölda barna. Jafnframt á einstætt foreldri rétt á hærri barnabótum en hjón eða sambýlisfólk.

3.4. Húsnæðiskerfið

3.4.1. Almenn

Stefna stjórnvalda er að tryggja öryggi fjölskyldna í húsnæðismálum. Til þess að ná því markmiði er mikilvægt að miða við mismunandi aðstæður og kjör fólks. Stjórnvöld munu halda áfram að leita nýrra leiða til að allar fjölskyldur geti fundið sér úrlausn við hæfi innan húsnæðiskerfisins. Sú leið hefur verið farin að leggja áherslu á að gera sem flestum kleift að eignast eigið húsnæði sem óska þess, jafnhliða því að styrkja leigumarkaðinn með markvissum úrræðum. Markmiðið er að fjölskyldur eigi raunverulegt val um það hvort þær kjósi að fara út í svo miklar fjárfestingar sem fylgja húsnæðis kaupum eða vilji heldur leigja sér íbúðarhúsnæði.

3.4.2. Húsnæðislánakerfi

Íbúðarkaup fjölskyldna á Íslandi er yfirleitt ein helsta fjárfesting hennar á lífsleiðinni og er einnig einn stærsti útgjaldaliðurinn. Þá þurfa þær að stofna til skuldbindinga sem torvelt getur verið að standa undir. Þar sem það hefur verið talin ósk flestra að eiga kost á því að búa í eigin húsnæði hafa stjórnvöld lagt metnað í að sem flestir ættu greiðan aðgang að húsnæðislánakerfinu.

Fjölskyldur eiga þess kost að fara í greiðslumat þar sem metin er greiðslugeta þeirra til íbúðarkaupna miðað við heildartekjur þeirra. Er ætlunin að greiðslumatið komi í veg fyrir að fjölskyldur reisi sér hurðarás um öxl en fjölskyldur eiga rétt á láni í forni húsbrefa allt að þeirri fjárhæð sem talið er að þær geti staðið í skilum með. Þó getur almennt lán aldrei numið hærri fjárhæð en 70% af matsverði fasteignar þegar fjölskyldan festir kaup á eða byggir sína fyrstu íbúð. Þegar skipt er um húsnæði getur fjárhæðin numið allt að 65% af matsverði íbúðar.

Til að stuðla að því að sem flestir fái tækifæri til að fjárfesta í eigin húsnæði verður lögð áhersla á að tryggja rétt þeirra sem þurfa á aukinni aðstoð að halda til að fjármagna íbúðarkaup. Það er mat húsnæðisnefnda sveitarfélaganna hverjir eigi rétt til viðbótarláns sem getur numið allt að 25% af matsverði íbúðar og kemur til viðbótar almennu húsnæðisláni. Er tilgangurinn að auðvelda þeim sem hafa þunga framfærslubyrði eða eru tekjulágir að eignast eigið húsnæði. Er því tekið mið af núverandi húsnæðisaðstæðum umsækjanda, fjölskyldustærð ásamt heilsufari og vinnugetu.

Jafnframt er stefnt að auknu jafnrétti milli þeirra sem taka viðbótarlán og þeirra sem eingöngu taka almennt húsnæðislán. Felst það einkum í því að veita fjölskyldum sem óskað hafa eftir slíkum lánum tækifæri til að ákveða sjálfar hvar þær kjósa helst að búa. Er því ekki gert að skilyrði hvers konar íbúðir heimilt er að greiða með viðbótarláni. Enn fremur er eiganda íbúðar sem greidd hefur verið með viðbótarláni gert kleift að selja hana á almennum markaði enda greiddist viðbótarlánið upp eða aflað er samþykkis Íbúðalánasjóðs um yfirtöku kaupanda á láninu.

Þar sem um miklar skuldbindingar er að ræða er fjölskyldum gefinn kostur á lánstíma frá 15–40 árum bæði á almennum lánum og viðbótarlánum. Markmiðið er meðal annars að létta undir með barnafjölskyldum svo þær eigi þess kost að dreifa húsnæðiskostnaði jafnar á æviferil sinn en algengt er að húsnæði sé keypt á þeim tíma í lífi fjölskyldna þegar uppeldi barna er bæði krefjandi og dýrt.

Allflestar fjölskyldur þurfa á húsnæðislánum að halda til að festa kaup á íbúðarhúsnæði. Er oftast um mjög háar fjárhæðir að ræða en til að draga úr áhrifum vaxtagjalda vegna slíkra lána á afkomu fjölskyldna endurgreiða stjórnvöld hluta af þeim í formi svokallaðra vaxtabóta. Rétturinn til slíkra bóta stofnast á því ári þegar íbúð er keypt eða bygging er hafin en heimilt er að greiða þeim vaxtabætur fyrirfram sem keyptu eða hófu byggingu íbúðarhúsnæðis árið 1999 og síðar.

3.4.3. Leigumarkaður

Reynslan hefur sýnt að öflugur leigumarkaður er nauðsynlegur til að mæta mismunandi þörfum fjölskyldna á lífsleiðinni. Stjórnvöld munu leggja auknar áherslur á að tryggja öryggi þeirra í húsnæðismálum er velja þennan húsnæðiskost með markvissum aðgerðum til að styrkja leigumarkaðinn.

Til að ná fram þessu markmiði eru sveitarfélögin meðal annars gerð skyldug til að sjá til þess að nægt framboð sé af leiguhúsnæði handa þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra tekna, þungrar framfærslubyrgðar eða annarra félagslegra aðstæðna.

Jafnframt er greiðsla húsaleigubóta til handa leigjendum ætluð til að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda. Er með því stefnt markvisst að því að draga úr þeim aðstöðumun sem ella mundi ríkja milli leigjenda annars vegar og eigenda íbúðarhúsnæðis hins vegar. Húsaleigubætur skulu greiðast fyrir allar leiguíbúðir auk þess sem öllum sveitarfélögum er skylt að greiða slíkar bætur.

Húsaleigubætur skulu ákvarðaðar og reiknaðar út miðað við ákveðinn grunn sem miðast við ákveðna fjárhæð fyrir hverja íbúð og hvert barn á framfæri umsækjanda að teknu tilliti til leigufjárhæðar, eigna og tekna. Við frekari þróun á útreikningsleiðum á húsaleigubótum verður stefnt að því að taka sérstakt tillit til barnafólks og þeirra sem hafa lægstu tekjurnar auk þess að draga úr svokölluðum jaðaráhrifum.

3.4.4. Húsnæði sem er ætlað að mæta sérþörfum

Markmið opinberrar þjónustu við fatlaða er að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör á við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til eðlilegs lífs. Hluti þessa markmiðs er að sem flestir geti búíð eins sjálfstætt og mögulegt er. Þess vegna er stefnt að því að sveitarfélögin sjái til þess að húsnæði sé fyrir hendi sem er ætlað til að mæta sérþörfum fyrir þjónustu.

Taka verður mið af því að fatlaðir eru ekki einsleitir hópur. Fötlun er margvísleg og misjöfn og sama á við um þarfir einstaklinganna. Sökum þess er mikilvægt að fyrir hendi séu nokkrir búsetukostir sem fatlaðir einstaklingar geta valið um að búa í með tilliti til fötlunar sinnar. Hefur því verið lögð aukin áhersla á sjálfstæða búsetu fatlaðra með sérstökum stuðningi samhliða áframhaldandi uppbyggingu sambýla. Um er að ræða íbúðir í fjölbýlishúsi eða á sama svæði þar sem íbúar hafa aðgang að sameiginlegu þjónusturými. Má segja að slíkt húsnæði sé eins konar millistig milli sjálfstæðrar búsetu í íbúð annars vegar og sambýli hins vegar en slíkur kostur getur hentað mörgum fötluðum.

Ákveðnar reglur gilda um byggingu sambýla en miðað er við að ekki skuli vera fleiri en fimm til sex íbúar á hverju sambýli. Íbúarnir skulu hver um sig eiga kost á einkarými ásamt snyrtiaðstöðu ef kostur er. Einkennandi fyrir sambýlin er að heimilismenn reka sambýlin sjálfir en þau eru hugsuð fyrst og fremst fyrir fatlaða og aðra hópa eftir aðstæðum sem af ýmsum ástæðum hentar betur að búa í sambýli en sjálfstætt í íbúð.

Enn fremur er stefnt að því að reka áfram svokallaða áfangastaði sem ætlaðir eru geðfötluðum. Markmiðið með rekstri þeirra er að brúa bilið milli sjúkrá-húsdvalar og eðlilegs lífs. Áfangastaðir auðvelda geðsjúkum að aðlagast samfélaginu á þann hátt að þar geti þeir dvalist í öryggi á meðan þeir ná fótfestu á vinnumarkaði og leita sér húsnæðis. Þar fer fram félagsleg hæfing að nokkru marki þar sem íbúar fá félagslegan stuðning og ráðgjöf.

3.5. Aðstoð til framhaldsnáms

Markmið stjórnvalda er að sem flestum verði gert kleift að stunda framhaldsnám og er Lánasjóði íslenskra námsmanna því ætlað að jafna aðstöðu fólks til náms. Lánasjóður íslenskra námsmanna veitir námslán til náms á háskólastigi

og það nám annað sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Enn fremur er heimilt að veita lán til sérnáms. Nám á undirbúningsstigi og nám að loknu doktorsprófi eða sambærilegu prófi eru ekki talin lánshæf. Sama á við um nám sem er liður í launuðu starfi samkvæmt ráðningarsamningi.

Námsaðstoðin felst í því að veita námsmönnum lán á hagstæðum kjörum sem eru til 40 ára og er ætlað að standa að nokkru undir framfærslu námsmanna þann tíma sem skólinn varir. Við mat á lánsþörf hvers námsmanns er tekið tillit til fjölskylduhaga hans. Einnig er tekið mið af tekjum hans yfir árið en ákveðið er tiltekið frítekjumark þar sem námsaðstoðin byrjar að skerðast. Enn fremur er veitt lán vegna skólagjalda, bóka-, tækja- og efniskaupa.

4. Stuðningur við fjölskylduna um að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf

4.1. Jafnrétti á vinnumarkaði

Sífelld algengara er að bæði móðir og faðir vinni utan heimilis sem leitt hefur til breytinga á daglegu lífi fólks í landinu. Breytt viðhorf til hlutverka og verkaskiptingar kvenna og karla í samfélaginu hafa siglt í kjölfarið og í vaxandi mæli þurfa báðir foreldrar að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Af þessum ástæðum hafa komið fram auknar kröfur um að móður og föður verði sköpuð sömu tækifæri til að sinna bæði fjölskyldunni og starfi utan heimilis.

Það getur verið hagur allra að foreldrum verði gert kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Foreldrar geta eytt meiri tíma með börnum sínum sem njóta fyrir vikið aukins öryggis og vænlegri þroskaskilyrða. Á sama tíma er líklegt að ánægðir starfsmenn skili betri vinnu og meiri afköstum en þeir sem þjást af samviskubiti yfir að eiga ekki tíma aflögu fyrir fjölskyldu sína. Sama á við þegar einstaklingar hafa skyldum að gegna gagnvart öðrum fjölskyldumeðlimum sem eru veikir, fatlaðir eða aldraðir. Ekki síst kemur það sér vel fyrir samfélagið í heild þar sem minni líkur eru á félagslegum vandamálum auk þess sem kostnaður við félagsþjónustu minnkar. Þá hafa rannsóknir sýnt að samræming fjölskyldu- og atvinnulífs beggja foreldra getur átt sinn þátt í því að draga úr fjölda skilnaða hjóna og sambýlisfólks.

Markmið stjórnvalda er að vekja athygli á mikilvægu hlutverki aðila vinnu- markaðarins í því að skapa konum og körlum sömu tækifæri til að samræma atvinnu og skyldur sínar gagnvart börnum og fjölskyldulífi. Vinnuveitendum er jafnframt gert skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu.

Í þessu sambandi eru vinnuveitendur hvattir til að marka fjölskyldustefnu í fyrirtækjum og stofnunum. Í samræmi við hana sé tilgreint á hvaða hátt starfs-

menn eiga kost á að hagræða vinnutíma sínum svo hann falli að fjölskyldulífi þeirra. Getur það til dæmis falist í auknum sveigjanleika við skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að hagsmunir allra séu hafðir að leiðarljósi. Einnig getur falist í henni hvatning til foreldra um að skipta veikindadögum barns á milli sín ef þau eru bæði útvinnandi. Þá er mikilvægt að auðvelda starfsmönnum að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduástæðna.

Annað dæmi sem tekur til fjölskyldustefnu á vinnustað er að makar og börn, þegar það á við, taki þátt í samveru starfsmanna utan vinnutíma. Þannig má einnig stuðla að sameiginlegu frístundastarfi (útvíst, ferðalögum og samkomum) starfsmanna og fjölskyldna þeirra. Á fjölskylduvænum vinnustöðum er lögð áhersla á að stuðla að samstöðu og stuðningi við starfsmenn þegar áföll ber að höndum í fjölskyldunni. Í sama anda geta yfirmenn átt frumkvæði og hlutast til um að tekið sé á vandamálum sem tengjast ofneyslu eða öðrum teiknum um persónu- og fjölskylduvanda.

4.2. Fæðingarorlof mæðra og feðra

Forsenda þess að karlar og konur geti tekið jafnan þátt í launavinnu sem og öðrum störfum utan heimilis er að þau skipti með sér heimilisverkum og umönnun barna sinna. Einn af lykilþáttum þess að svo megi vera er að mæður og feður eigi jafnan rétt til fæðingarorlofs. Á sama tíma er stuðlað að jafnri foreldraábyrgð og börnum tryggður réttur til samvista bæði við föður og móður.

Stefnt er að því að veita foreldrum rétt til að annast barn sitt í þrjá mánuði hvort um sig auk þess sem foreldrar eiga sameiginlegan rétt á þremur mánuðum til viðbótar sem þeir eiga kost á að hagræða milli sín að eigin vild. Þetta markmið verður að fullu komið til framkvæmda árið 2003. Ekkert er því til fyrirstöðu að foreldrar taki fæðingarorlofið á sama tíma en það er gert til að stuðla að því að fjölskyldan geti eytt meiri tíma saman.

Áhersla er lögð á sveigjanleika við töku fæðingarorlofs sem gerir foreldrum auðveldara með að samræma betur þær skyldur sem þeim eru lagðar á herðar í starfi og fjölskyldulífi. Foreldrum er heimilt að taka fæðingarorlofið á fleiri tímabilum eða í hlutastarfi kjósi þeir það frekar en að taka orlofið í heild. Skilyrði er að vinnuveitandi samþykki fyrirkomulagið en honum er gert að leitast við að koma til móts við óskir starfsmanns um tilhögun fæðingarorlofs. Þessi sveigjanleiki gefur aukna möguleika vilji foreldri síður hverfa frá störfum í langan tíma en slíkt getur óneitanlega einnig verið vinnuveitanda í hag.

Tryggja skal öryggi og heilbrigði þungaðrar konu, konu sem hefur nýlega alið barn eða konu sem er með barn á brjósti teljist það vera í hættu á vinnustað samkvæmt sérstöku mati. Þá skal vinnuveitandi gera nauðsynlegar ráðstafanir

til að tryggja öryggi konunnar með því að breyta tímabundið vinnuskilyrðum hennar og/eða vinnutíma hennar. Ef því verður ekki við komið af tæknilegum eða öðrum gildum ástæðum skal vinnuveitandi fela konunni önnur verkefni en að öðrum kosti veita henni leyfi frá störfum í svo langan tíma sem nauðsynlegt er til að vernda öryggi hennar og heilbrigði. Þegar veita þarf þungaðri konu leyfi frá störfum eru henni tryggðar greiðslur í fæðingarorlofinu.

Þegar þungaðri konu er nauðsynlegt að leggja niður launuð störf vegna heilsufarsástæðna á hún rétt á lengingu á fæðingarorlofi í allt að tvo mánuði. Einnig eru fyrir hendi heimildir til að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarorlofs þegar barn þeirra er mjög veikt. Annars vegar er heimilt að framlengja fæðingarorlofið um þann tíma sem barn dvelur á sjúkrahúsi lengur en sjö daga í beinu framhaldi af fæðingu í allt að fjóra mánuði og hins vegar þegar um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris í allt að þrjá mánuði. Auk þessa er heimilt að framlengja rétt móður til fæðingarorlofs í allt að tvo mánuði vegna alvarlegra veikinda hennar í tengslum við fæðingu.

Mikilvægt er að barn njóti umgengni við báða foreldra enda þótt foreldrar búi ekki saman og fari ekki með sameiginlega forsjá. Til að svo megi verða á forsjárlaust foreldri einnig rétt til fæðingarorlofs enda liggi fyrir samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem fæðingarorlof stendur yfir. Slíkt samþykki leiðir af inntaki forsjár en það foreldri sem fer eitt með forsjá barns síns ber að stuðla að því að barn njóti umgengni við hitt foreldri sitt nema umgengni sé andstæð högum og þörfum barns að mati lögmaelts stjórnvalds.

Atvinna er mikilvæg til lífsviðurværis fjölskyldna. Því er stefnt að því að röskun á tekjuöflun heimilanna verði sem minnst þegar foreldrar þurfa að leggja niður störf vegna tilkomu nýs fjölskyldumeðlims sem þarfnast umönnunar þeirra. Þess vegna er tryggt að foreldrar eigi rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði sem nemur 80% af meðaltali heildarlauna þeirra óháð starfshlutfalli. Jafnframt er markmiðið að tiltekin réttindi haldi áfram að ávinnast og að önnur réttindi haldist enda þótt foreldri taki orlof frá vinnu vegna barneigna.

4.3. Fæðingarstyrkur

Foreldrar sem standa utan vinnumarkaðar, eru í minna en 25% starfi eða í námi eiga rétt til fæðingarstyrks. Á hvort foreldri um sig rétt til fæðingarstyrks í allt að þrjá mánuði vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Til viðbótar eiga foreldrar sameiginlegan rétt til fæðingarstyrks í þrjá mánuði sem þeir eiga kost á að hagræða milli sín að eigin vild. Litið er heildstætt á sameiginleg réttindi foreldra í þessu tilliti þrátt fyrir að annað þeirra sé utan vinnumarkaðar, í minna en 25% starfi eða í námi og hitt for-

eldrið starfi á vinnumarkaði. Er því gert ráð fyrir að foreldrar fái greitt hvort úr sínu kerfi í því hlutfalli sem þau ákveða.

Réttur foreldris til fæðingarstyrks er bundinn því að það fari sjálft með forsjá barnsins eða hafi sameiginlega forsjá ásamt hinu foreldri þess þegar greiðsla fæðingarstyrks hefst. Jafnframt er gert skilyrði fyrir rétti til fæðingarstyrks að foreldri eigi lögheimili hér á landi við fæðingu barns, ættleiðingu þess eða töku í varanlegt fóstur og hafi átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir fæðingardag barns, ættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur. Þó er heimild til undanþágu frá lögheimilisskilyrði þegar foreldri er í námi og hefur flutt lögheimili sitt tímabundið vegna náms erlendis enda hafi það átt lögheimili hér á landi samfelld í a.m.k. fimm ár fyrir flutning.

4.4. Foreldraorlof mæðra og feðra

Mikilvægt er að báðum foreldrum verði auðveldað að verja miklum tíma með börnum sínum á fyrstu árunum í lífi þeirra. Stór skref eru stigin í lífi barna á fyrstu sex til átta árunum. Þá er lagður grunnur að persónumótun þess ásamt andlegu og félagslegu heilbrigði. Á þessu skeiði byrja flest börn í leikskóla og síðar í grunnskóla. Er þá þýðingarmikið að foreldrarnir geti gefið sér góðan tíma til að veita börnum sínum nauðsynlegan stuðning og hvatningu. Þau eru mikilvægustu persónurnar í lífi barnsins. Samvistir við þau og samfylgd í ýmsum aðstæðum skipta miklu svo börn finni til öryggis á þessu mikla mótunarskeiði þegar þau eru að öðlast sjálfstæði og styrkja sjálfsmynd sína.

Foreldraorlof er til þess fallið að veita foreldrum tækifæri til að annast börn sín en bæði faðir og móðir eiga rétt á 13 vikna foreldraorlofi sem þeim er heimilt að taka á fyrstu átta árunum í lífi barnsins. Foreldrar geta tekið orlofið í einu lagi eða skipt því frekar niður, annaðhvort yfir á smærri tímabil eða í hlutastarfi í samráði við vinnuveitendur sína.

4.5. Aukin vernd gegn uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar

Konur og karlar hafa á ákveðnum tímabilum í lífi sínu skyldum að gegna gagnvart fjölskyldu sinni, ekki einungis börnum sínum heldur einnig fötl-uðum, sjúkum og öldruðum. Á íslenskum vinnumarkaði er vinnuveitendum óheimilt að segja starfsmanni upp störfum eingöngu vegna fjölskylduábyrgðar sem hann ber. Með fjölskylduábyrgð í þessu tilliti er átt við skyldur starfsmanns gagnvart ósjálfráða börnum, maka eða nánnum skyldmönnum sem búa á heimili hans og greinilega þarfnast umönnunar hans eða forsjár, svo sem vegna veikinda eða fötlunar.

Slíkar umönnunarskyldur leiða oft til töluverðra fjarvista frá vinnu og er því nauðsynlegt að tryggja að fólkíð missi ekki störf sín af þeim sökum. Þessi aukna vernd er ekki síst liður í þeirri stefnu stjórnvalda að auka rétt foreldra

langveikra barna sem þurfa að vera frá vinnu til að sinna langveiku barni heima. Slíkt öryggi er ekki eingöngu í hag starfsmannsins sjálfs heldur einnig vinnuveitanda. Akveðnu álagi er létt af starfsmanninum og það leiðir líklega til betri vinnuafkasta og vinnugetu. Þá getur verið hagkvæmt fyrir samfélagið í heild að tryggja starfsmönnum þessi réttindi þar sem á móti dregur úr kostnaði vegna félagslegrar þjónustu.

5. Skilnaðir/sambúðarslit

Líkur eru til að stór hluti Íslendinga hefji sambúð með öðrum aðila, gifti sig eða stofni til staðfestrar samvistar einhvern tímann á lífsleiðinni og lifi fjölskyldulífi. Flestir vilja eignast börn enda þótt minni líkur séu á að barn alist upp allt til fullorðinsára hjá báðum líffræðilegum foreldrum. Skilnaðir eru tíðir á Íslandi sem oft leiða til sundrunar fjölskyldna. Ástæður skilnaða eru margs konar en einnig hafa komið til breytt viðhorf samfélagsins til skilnaða, til dæmis er ekki lengur álitnið siðferðislega rangt að skilja ef gildar ástæður eru til þess og það er ekki lengur almenn skoðun að fólk eigi að búa saman vegna barnanna ef sambúðin er slæm.

Ytra álag fjölskyldunnar hefur aukist hin síðustu ár meðal annars vegna þess að báðir aðilar vinna utan heimilis þar sem þeir vilja oft báðir hasla sér völl. Slíkt getur tekið á heimilislífið en rannsóknir sýna að orsök skilnaða megi oft rekja til þess að skortur sé á jafnrétti og samvinnu hjóna eða sambýlisfólks inni á heimilinu þar sem oft hallar á konuna. Finnst konunni hún því oft vera undir of miklu vinnuálagi þar sem hún bæði starfar utan heimilis og innan þess án þess að njóta aðstoðar maka síns. Þá skiptir máli að sambúðaraðilar geti tekið á sig ábyrgð og sjái sér hag í að bæði tvö samræmi fjölskyldu- og atvinnulíf. Ytri aðstæður geta skipt miklu máli þegar kemur að skipulagningu fjölskyldulífs. Það er því stefna stjórnvalda að mæta auknum kröfum um að móður og föður verði sköpuð sömu tækifæri til að sinna bæði fjölskyldunni og starfi utan heimilis. Gæti slíkt jafnvel orðið til þess að draga úr fjölda skilnaða milli hjóna eða sambýlisfólks.

Fleiri álagspættir geta haft neikvæð áhrif á heimilislíf og þá sérstaklega líf barnafjölskyldna. Að þessu þurfa stjórnvöld að huga. Má þar helst nefna húsnæðismál, dagvistunarmál og skólamál. Stjórnvöld hafa því viljað hlúa að fjölskyldum í landinu með því að bjóða upp á ýmsar leiðir til að létta undir með þeim, til dæmis með því að þróa öflugt húsnæðiskerfi, skólakerfi og félags- og heilbrigðiskerfi. En markmiðið er að gera enn betur og ekki síst að samræma úrræði og framkvæmd þjónustu með hagsmuni fjölskyldustofnunarinnar að leiðarljósi.

Fjölskylduaðstæður fólks eru mjög mismunandi og samskiptin innan þeirra ólík. Þýðingarmikið er að fjölskyldumeðlimum líði vel saman enda þótt

ágreiningur geti risið um einstök málefni. Þá er mikilvægt að allir geti rætt saman og leyst ágreiningsefni án teljandi vandræða. Þessu er þó ekki alltaf þannig varið og er þá oft gott að leita ráðgjafar hjá utanaðkomandi aðilum áður en í óefni er komið. Til þess að mæta þessari þörf hefur þjóðkirkjan rekið þjónustu fyrir hjón, fjölskyldur og einstaklinga sem eiga í vanda í samskiptum sínum við sína nánustu og finna ekki sjálfir lausn. Auk viðtala við einstaklinga og fjölskyldur er boðið upp á fræðsluerindi um hjónabandið og fjölskyldulíf. Þessi þjónusta er mjög vel nýtt og biðtími langur. Þjónustan er afmörkuð við foreldra með börn undir 18 ára aldri.

Stundum eru aðstæður þannig að hjón/sambýlisfólk telur að ekki verði komist hjá skilnaði sem óhjákvæmilega hefur mikla röskun á fjölskylduhögum í för með sér. Misjafnt er hvernig þör taka á þessum breytingum en oft eru þau misvel í stakk búin að takast á við nýjar aðstæður þar sem annar aðilinn hefur kannski vel ígrundað skilnað en hinn er með öllu óundirbúinn. Í flestum tilfellum reynast skilnaðir foreldra börnum mjög erfiðir enda þótt þau bregðist misjafnlega við. Þess vegna er mikilvægt að foreldrar tali við börn sín um skilnaðinn og reyni að undirbúa þau undir þær breytingar sem verða á högum þeirra.

Foreldrar þurfa að komast að samkomulagi um forsjá barna sinna og er mjög þýðingarmikið að foreldrar nái sáttum á friðsaman hátt. Þegar foreldrar eiga í erfiðleikum með að ákvarða um forsjá og jafnvel deila um forsjá og umgengnisrétt getur það skapað mikil átök og streitu hjá börnunum sjálfum. Í þeirri viðleitni að auðvelda foreldrum samninga sín á milli hafa stjórnvöld boðið upp á sérstaka ráðgjöf sem ætluð er að hjálpa foreldrum að leysa umgengniságreining með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Um tilraunaverkefni hjá sýslumanninum í Reykjavík var að ræða og hefur góður árangur þegar verið staðfestur. Því kemur nú til álita að leiða í lög skyldu ríkisins til þess að bjóða upp á sáttaumleitanir í umgengnis- og forsjármálum enda mikilvægt að foreldrum gefist kostur á að leita til sérfræðinga sér til aðstoðar í svo viðkvæmum málefnum.

Nauðsynlegt er að allir foreldrar sem eru í skilnaðarhugleiðingum eigi möguleika á ráðgjöf. Jafnframt er æskilegt að foreldrum sem eiga börn undir 18 ára aldri sé skylt að þiggja upplýsingar og ráðgjöf um hvað felst í skilnaði, réttindum og skyldum gagnvart börnum og hvernig haga megi málum á sem heppilegastan hátt. Rannsóknir sýna að meirihluti fólks getur unnið sín skilnaðarmál án aðstoðar og í langflestum tilvikum er eitt viðtal nóg. Slík almenn ráðgjöf þjónar umfram allt hagsmunum barna.

6. Stuðningur við fjölskyldur vegna félagslegra vandamála

6.1. Námserfiðleikar barna

6.1.1. Almenn

Miklar væntingar eru innan fjölskyldunnar þegar barn hefur göngu sína í grunnskóla. Ef í ljós kemur að barnið á í erfiðleikum með að ná tókum á námsefninu, á við sálfélagslega örðugleika að etja eða aðlagast ekki félagslega getur það leitt til mikillar vanlíðunar. Þetta er oft samtengt og veldur áhyggjum jafnt í skólastarfi og á heimilinu, bæði hjá barninu og foreldrum þess. Foreldrum finnst þá jafnvel sem þeir hafi brugðist hlutverki sínu sem uppalanda og fræðara. Sökum þessa er lögð áhersla á að greina námsörðugleika og félagslega hnökra sem allra fyrst á skólagöngunni til að unnt sé að bregðast skjótt við á viðeigandi hátt svo barnið fái notið sín sem best. Þetta er sérstaklega mikilvægt til að tryggja að einstaklingurinn geti nýtt sér hæfileika sína sér til framdráttar og eigi ekki á hættu að einangrast frá eðlilegri þátttöku í þjóðlífinu.

Það er því stefna stjórnvalda í menntamálum að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda með sveigjanlegra skólakerfi og fjölbreytilegum kennsluaðferðum. Hver skóli hefur skyldu til að laga námið sem best að nemendum hverju sinni en nemendur eiga rétt á viðfangsefnum sem henta námsgetu þeirra og hæfni. Gefur að skilja að jafnrétti til náms felur ekki endilega í sér sömu úrræði fyrir alla heldur sambærileg og jafngild tækifæri. Í þessu sambandi er einnig brýnt að huga að framlagi sérfræðinga í samstarfi við kennara og sérkennara og stuðla að þverfaglegu samstarfi þeirra. Vaxandi áhersla er á að námsráðgjafar en einnig skólafélagsráðgjafar og hjúkrunarfræðingar komi þar til skjalanna og myndi samfellda teymisvinnu þar sem skólabarnið er í miðdepli.

Í auknum mæli eiga skólar og einstakir kennarar aðgang að greinandi prófum og öðrum mælitækjum sem auðvelda könnun á tilteknum þáttum náms og kennslu. Stöðluð lestrarpróf, stærðfræðipróf, hreyfiþroskapróf, lesskimunarpróf sem spá fyrir um hugsanlegan lestrarvanda, staðlaðir spurningalistar og fleiri slík mælitæki geta reynst afar gagnleg hjálpartæki til að greina vandamál snemma á skólagöngunni, jafnvel þegar á leikskólaaldri, og auka líkur á að ráðin verði bót á þeim með skipulögðum aðgerðum.

Í síðustu bekkjum grunnskólans ákveða nemendur sjálfir í samráði við foreldra og kennara á hvað þeir leggja áherslu í námi sínu með tilliti til framtíðar-áforma sinna. Samfara því að nemendur beri aukna ábyrgð á námi sínu er horfið frá því að skylda alla til að gangast undir öll samræmd próf í lok 10. bekkjar. Aukið valfrelsi í efri bekkjum grunnskóla og mismunandi inntöku-skilyrði í framhaldsskóla þýðir að nemendur geta lokið grunnskóla með mismunandi áherslum, meðal annars með tilliti til áhugasviðs og eigin getu. Er

með þessu fyrirkomulagi reynt að koma í veg fyrir að nemendur þurfi að þreyta próf sem þeir ráða illa við og kalla fram vanmáttarkennd hjá þeim sem gæti orðið til þess að þeir teldu sér trú um að þeir væru til alls óhæfir.

Þá er heimilt að víkja frá almennum reglum um fyrirlögn samræmdra loka-prófa þegar um er að ræða líkamlega fötlun, langvarandi veikindi eða aðra erfiðleika af líffræðilegum orsökum, svo sem lesblindu, enda séu þessar aðstæður nemandans staðfestar af sérfræðingi á viðkomandi sviði. Þetta er mikilvægt til að leggja ekki stein í götu þeirra sem þurfa ef til vill einungis lengri tíma vegna erfiðleika af líffræðilegum orsökum en eru að öðru leyti fullfærir um leysa tiltekið próf.

6.1.2. Lestrarörðugleikar

Margir af þeim nemendum sem eiga við sértæka námsörðugleika að stríða eiga í erfiðleikum með að ná tókum á lestri. Í þekkingarsamfélagi samtímans er mikilvægt að gera sem flestum kleift að vera færir um að lesa ritað mál. Vegna þessa er nauðsynlegt að staða hvers nemanda sé greind og eru settar fram skýrar kröfur í aðalnámskrá grunnskóla til skóla um greiningu á lestrar-örðugleikum. Markmiðið er meðal annars að foreldrum allra sex ára barna standi til boða að láta börnin sín taka lesblindupróf.

Þjónusta við lesblinda nemendur hefur aukist stig af stigi frá því að hún var viðurkennd sem viðfangsefni innan skólakerfisins. Er meðal annars lögð áhersla á að framhaldsskólar bæti þjónustu sína við nemendur með lestrar-erfiðleika með ýmsum hætti. Mikilvægt er að stoðkerfi skólanna sé virkt og að kennarar hagnýti sér þjónustu sem þeim stendur til boða til hagsbóta fyrir nemendur með sérstakar námsþarfir. Hin nýja upplýsinga- og tölvutækni gerir sífellt fleirum kleift að þjálfa námsgetu sína á einstaklingsbundnum forsendum og unnið hefur verið markvisst að útgáfu námsefnis sem tekur mið af þörfum lesblindra nemenda í grunnskólum. Nauðsynlegt er að haldið verði áfram að þróa þær aðferðir er koma til móts við þarfir lesblindra barna á öllum skólastigum þar sem með þeim er spornað gegn því að nemendur glati sjálfs-trausti sínu andspænis ósanngjörnum kröfum.

6.2. Hegðunarvandamál barna

6.2.1. Almenn

Hegðunarvandamál geta verið af ýmsum toga og geta komið fram á ólíkum aldri. Ástæðurnar sem liggja að baki breyttri eða óviðeigandi hegðun geta verið margvíslegar, ýmist líkamlegar, andlegar eða sálfélagslegar. Barn getur verið ofvirkt sem kemur yfirleitt fram snemma í bernsku eða erfiðleikar stöðja að heima fyrir sem koma fram í breyttri hegðun barnsins. Hegðunarvandamál geta leitt til annarra erfiðleika fyrir börn en þau eiga stundum erfiðara með að aðlagast skólaumhverfinu og að eignast vini. Er þá hætta á að þau verði utan-

veltu í því samfélagi sem þau hrærast í og eru jafnvel lögð í einelti af jafningjahópnum.

Mikilvægt er því að foreldrar séu vakandi yfir hegðun barns síns og ekki síst skólinn sem er hinn daglegi vinnustaður barna. Oft er það kennari barnsins sem tekur fyrst eftir frábrugðinni háttsemi þess, enda dvelur barnið stóran hluta úr deginum innan veggja skólans þar sem sérstakar reglur gilda sem fara ber eftir. Af þeim sökum er nauðsynlegt að gott samstarf ríki milli heimilis og skóla sem einkennist af gagnkvæmri virðingu og trausti þar sem þessir aðilar bera samábyrgð á menntun og velferð barna. Heimili og skóli þurfa því að eiga samvinnu hvað varðar til dæmis meginviðmiðanir í hegðun og umgengni. Með nýrri reglugerð um skólareglur í grunnskóla er stefnt að markvissum aðgerðum á þessu sviði í grunnskólum og samvinnu skóla, foreldra og nemenda um skólareglur einstakra skóla.

Foreldrar verða enn fremur að geta leitað ráða hjá skólanum sem jafnframt þarf að bregðast við vandanum. Mikilvægt er að geta veitt foreldrum ráðgjöf og stuðning bæði innan skólans og með því að vísa þeim til annarra sérfræðinga þegar þess er þörf. Ekki má heldur gleyma að foreldrar eru mikilvægustu samstarfsaðilarnir fyrir hina ýmsu sérfræðinga sem starfa innan skólans. Samræming aðgerða og samvinna við foreldra eru forsendur þess að árangur náist.

6.2.2. Agavandamál

Agavandamál innan skóla og heimila koma yfirleitt fram í vandamálum og hegðunarröskun hjá börnum. Mikilvægt er að skólarnir setji sér skólareglur er varða allt skólasamfélagið, þ.e. starfsfólk skólans og stjórn hans, nemendur og foreldra. Því er afar mikilvægt að sjónarmið foreldra fái notið sín við setningu skólareglna hvers skóla og að foreldrar séu sáttir við reglurnar. Þá er ekki síður mikilvægt að nemendurnir sjálfir komi að setningu þeirra og skilji þær til að þeir geti farið eftir þeim. Samfara skólareglunum ber að setja viðurlög við brotum á reglunum þannig að öllum aðilum sé ljóst hvaða reglur gildi í skólanum og hvaða viðurlög séu við brotum á þeim.

Það er stefna stjórnvalda að nemendur fái notið sín innan veggja skólans sem utan. Er því sérstaklega að því stefnt að starfsandi og skólabragur sé sem bestur enda talið eitt af grundvallarréttindum nemenda að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tókum á náminu. Þarf því að leggja áherslu á meðal annars námsaga og sjálfsaga nemenda, góða umgengni, umburðarlyndi og jákvæð samskipti.

Æskilegt er að allir grunnskólar komi sér upp forvarnaáætlun sem meðal annars felur í sér aðgerðir til að koma í veg fyrir agabrot ásamt vinnureglum um hvernig staðið skuli að málum ef skólareglur eru brotnar. Slíkar aðgerðir geta falið í sér að skólar skilgreini í skólanámskrá hvernig skuli unnið gegn

ofbeldi, þar með talið einelti. Skólarnir skulu nýta allar þær leiðir sem þeir ráða yfir til að leita lausna og ráða bót á hegðun nemenda. Jafnan skal hafa samstarf við foreldra þess nemanda sem í hlut á um úrlausn máls og skal foreldrum ætíð gerð grein fyrir brotum barna sinna á skólareglum og beitingu viðurlaga.

Til að tryggja markvissan árangur þarf að leita allra mögulegra orsaka innan skólans til að viðurlög komi að gagni og nemandi bæti hegðun sína. Agavandamál eru oft merki um brotalöm í stjórnnum skólans, vanþróað þverfaglegt samstarf sérfræðinga innan skólans eða ófullnægjandi samstarf við foreldra en oftast eru þessir þættir samtengdir. Takist ekki sérfræðingateymi í samvinnu við skólastjórn að ná tökum á agavandamálum er nauðsynlegt að eiga möguleika á utanaðkomandi ráðgjöf. Slíkir aðilar aðstoða við að greina orsakasamhengi út frá öðrum forsendum. Með því að losa læsta stöðu geta þeir stuðlað að því að þróa skilvirkara samstarf þeirra sem í hlut eiga svo þeir finni leiðir til úrlausna.

6.2.3. Einelti

Einelti sem sálfélagslegt vandamál virðist vera einn af fylgifyskum nútímamfélags. Einelti í þeim mæli og af þeirri gerð sem það birtist í samfélaginu krefst þekkingar og árvekni ábyrgra skólastjórnenda og yfirvalda. Er mikilvægt að vinna markvisst gegn einelti á öllum skólastigum. Fræðsla, viðhorfsmótun og aðgerðastefna hvað snertir þetta alvarlega félagslega vandamál er því eitt af brýnustu viðfangsefnum sérfræðiteymis skólans í þróðu samfélagi.

Allir grunnskólar þurfa að huga sérstaklega að þessu fyrirbæri og gera áætlun um hvernig skuli bregðast við ef upp kemst um einelti í skólanum. Öllum aðilum þarf að vera ljóst hver vinnur með slík mál innan skóla og hvernig. Umræða um einelti þarf bæði að ná til starfsfólks skóla, foreldra og einnig til nemendanna sjálfra sem eru oftast þolendur og gerendur. Því er mikilvægt að settar séu ákveðnar reglur um samskipti og hegðun jafnt í skólanum sem utan hans.

6.3. Misnotkun áfengis og annarra vímuefna

6.3.1. Forvarnir

Ríkisstjórnin telur neyslu barna og ungmenna á fíkniefnum, áfengi og tóbaki vera alvarlegt vandamál sem bregðast þurfi við. Rannsóknir hafa sýnt að fíkniefnaneysla hefur stöðugt aukist á tíunda áratug 20. aldar en árið 1999 sýndi ESPAD-rannsóknin samdrátt í neyslu á öllum tegundum fíkniefna, þ.e. reykinga, áfengis og eiturlyfja, í fyrsta skipti síðan árið 1989.

Stjórnvöld munu halda áfram að berjast gegn misnotkun barna og ungmenna á áfengi og fíkniefnum. Ríkisstjórnin hefur markað sér stefnu í fíkniefna-

áfengis- og tóbaksvörnum. Þar er áherslan meðal annars á að efla forvarnir, einkum þær sem beint er að einstaklingum sem eru í áhættuhópum gagnvart notkun fíkniefna, áfengis og tóbaks, og hefta aðgengi barna og ungmenna að þessum efnum.

Til að ná markmiðum stjórnvalda í áfengis- og vímuefnum er mikilvægt að ráðuneyti og stofnanir, lög- og tollgæsla, í samvinnu við sveitarfélög og aðra, samhæfi viðbrögð, aðgerðir og samstarf með það fyrir augum að uppræta fíkniefnaneyslu barna og ungmenna og draga stórlega úr áfengis- og tóbaksnotkun þeirra. Í þeim tilgangi að tryggja samvinnu þeirra aðila sem standa að áfengis- og vímuefnum og samræmingu starfa þeirra samþykkti löggjafarvaldið að sett yrði á laggirnar áfengis- og vímuefnaráð, sbr. lög nr. 76/1998.

Ýmsum aðferðum má beita í forvörnum til að draga stórlega úr neyslu áfengis og vímuefna, ekki síst meðal barna og unglinga. Áhersla er meðal annars lögð á rannsóknir sem að gagna geta komið við áfengis- og vímuefnum. Áfengis- og vímuefnaráð skal meðal annars sjá til þess að árlega fari fram rannsóknir til að fylgjast með þróun í áfengis- og vímuefnanotkun barna og ungmenna. Slíkar rannsóknir eru nauðsynlegur grunnur að forvarnastarfi. Áfengis- og vímuefnaráði er einnig ætlað að fylgjast með þörf á útgáfu fræðsluefnis og stuðla að útgáfu þess, þar á meðal námsefni og fræðsluefni til almennra nota. Ráðinu er jafnframt falið að annast gagnaöflun svo að tryggt sé að hjá ráðinu verði ætíð unnt að finna nýjustu og haldbærustu upplýsingarnar um stöðu þessara mála. Slíkur gagnabanki kemur öllum þeim sem starfa á þessu sviði til góða og er nauðsynleg forsenda árangursríkra áfengis- og vímuefna.

Áætlunin *Ísland án eiturfylfja* er eitt af verkefnum áfengis- og vímuefnaráðs með sjálfstæða verkefnisstjórn. Þar hefur verið leitað nýrra og markvissari leiða til að koma í veg fyrir innflutning, dreifingu, sölu og neyslu ólöglegra vímuefna. Lögð hefur verið áhersla á að ná til foreldra með samstarfi og vönduðum upplýsingum enda gegna foreldrar lykilhlutverki í forvarnastarfi. Sérstakur samráðshópur um verkefni til stuðnings foreldrum er starfandi sem beitir sér fyrir verkefnum er varða málefni foreldra á sviði fíkniefnavarna. Þá er ekki síst mikilvægt að ná til unga fólksins og verður lögð áhersla á aðgerðir og verkefni sem hafa það að markmiði. Enn fremur verður stefnt að frekara samstarfi við sveitarfélög og frjáls félagasamtök.

Markmið stjórnvalda í baráttunni gegn áfengis- og fíkniefnavandanum er að stuðla að öflugri forvarnastarfi hjá lögreglu og tryggja að lög- og tollgæsla hafi ávallt á að skipa þeim mannafla og búnaði sem gerir þessum aðilum kleift að stemma stigu við innflutningi, dreifingu, sölu, meðferð og neyslu áfengis og fíkniefna. Markvissara samstarf toll- og löggæslu hefur þegar skilað sér og þá sérstaklega í að koma upp um ólöglegan innflutning eiturfylfja til landsins. Er nauðsynlegt að efla það samstarf enn frekar. Jafnframt er lögð áhersla á að

auka samstarf lögreglu og borgaranna við hverfalöggæslu. Þáttur í þessu starfi er sú stefna að koma á laggirnar hverfalögreglustöðvum og hafa starfandi sérstaka hverfalögreglumenn sem eru í nánú samstarfi við skóla og félagsmiðstöðvar og sinna forvarnastarfi.

Árið 1995 var stofnaður sérstakur forvarnasjóður en hlutverk hans er að styrkja forvarnastarf félagasamtaka og einstaklinga á sviði áfengisvarna á verkefnagrundvelli. Þar undir getur fallið ýmis fræðslustarfsemi og styrkir fyrir rannsóknir eða verkefni sem tengjast áfengis- og vímuefnum. Árlega er veitt fjármagn úr sjóðnum en áfengis- og vímuefnaáráð gerir tillögur til heilbrigðisráðherra um veitingu styrkja.

Forvarnir eiga sér einnig stað innan veggja skólanna en almenn menntun á að styrkja einstaklinga til að átta sig á eigin stöðu í samfélaginu og að geta tengt þekkingu og færni við daglegt líf og umhverfi. Fellur þar undir að gera börnum og unglíngum grein fyrir þeim skaðvænlegu afleiðingum sem áfengis- og vímuefnaneysla getur haft á líf þeirra og alla framtíð. Í þessu tilliti er mikilvægt að styrkja námsgreinina lífsleikni á öllum skólastigum þar sem markvisst er leitast við að efla félagsþroska barna og kenna þeim að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum í samvinnu við foreldra þeirra. Brýnt er að allir skólar geri eigin lífsleikniáætlun sem hluta af skólanámskrá.

Enn fremur er þýðingarmikið að skólarnir standi að heilsuefningu þar sem nemendur eru hvattir til að stunda hreyfingu og útiveru og borða heilsusamlegt fæði. Rannsóknir hafa sýnt að stuðningur við íþróttaiðkun og tómsundastarf er talinn hafa jákvæð áhrif á líf og líðan ungs fólks. Þar gegnir fjölskyldan einnig lykilhlutverki en samvera með foreldrum, íþróttir og skipulegt frístundastarf dregur úr reykingum, neyslu áfengis og vímuefna.

6.3.2. Meðferðarúræði fyrir börn og unglínga

Neysla barna og unglínga á áfengi og vímuefnum getur átt sér margar orsakir. Ýmsar breytingar eiga sér til dæmis stað í lífi einstaklingsins á unglíngsárunum þar sem jafningjahópurinn fær aukið vægi á kostnað fjölskyldunnar. Leitin að auknu sjálfstæði hefst þar sem hin hefðbundnu gildi samfélagsins eru dregin í efa á sama tíma og marga spennandi hluti ber á góma. Meðal þessara hluta eru áfengi og önnur vímuefni sem margir eru spenntir að reyna. Þá kemur fyrir að unglíngurinn ræður ekki lengur við umfang og neyslunmynstur þessara efna og þurfa þá foreldrar eða aðrir aðilar að grípa inn í.

Sundum þurfa unglíngar aðstoð frá utanaðkomandi aðilum án þess að mál þeirra verði talin falla undir barnaverndarmál. Í slíkum tilfellum veitir félagsþjónusta sveitarfélaga annars vegar félagslegan stuðning í þeim tilgangi að rjúfa félagslega einangrun og hins vegar aðstoð við að beina athafnaþörf unglíngs inn á heillavænlegri brautir.

Aðrir einstaklingar þurfa á mun meiri aðstoð að halda og eru því starfrækt heimili þar sem fram fer sérhæfð meðferð, svo sem vímuefnameðferð og vistun í bráðatilvikum vegna meintra afbrota og alvarlegra hegðunarefðleika. Þessi heimili eru staðsett víða um land og eru rekin á vegum hins opinbera eða einkaaðila samkvæmt þjónustusamningi við Barnaverndarstofu. Það er stefna stjórnvalda að unnt verði að anna eftirspurn eftir aðstoð við börn og unglinga sem eru í vanda vegna áfengis- og vímuefnaneyslu og hafa jafnvel lent á glapstigu til að komast aftur inn á réttar brautir í lífinu.

Í þeim tilgangi að meta þörf hvers og eins þurfa þeir sem fá aðstoð á vegum barnaverndaryfirvalda að fara fyrst í greiningu á Stuðlum, meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga. Þar er einnig viðhöfð skammtímavistun í neyðartilvikum. Stefnan er að bæta bráðapjónustu unglinga með tilkomu nýrrar bráðamóttöku á Stuðlum. Í henni felst að byggð verður ný álma fyrir móttöku-deild sem leiðir til þess að rýmum vegna bráðamóttöku fjölgar og mögulegt verður að auka gegnumstreymi í meðferðardeild þannig að afköst hennar aukast stórlega.

Ef talin er þörf á frekari meðferð er reynt að koma barninu fyrir á meðferðarheimili. Þar fer fram meðferð sem varir í allt að ár og í sumum tilvikum lengur en starfi meðferðarheimila er háttað þannig að móttaka skjólstæðinga og útskrift þeirra fer yfirleitt fram að hausti eða vori. Heimilin eru ætluð unglingum á aldrinum 13–18 ára en þó vistast yngri börn á Geldingalæk ef þörf krefur.

Á heimilunum er stuðlað að alhliða þroska og heilbrigði í uppeldi hvers og eins barns í samræmi við þau markmið sem viðkomandi heimili hefur. Er metnaður meðal annars lagður í að efla sjálfstraust hjá börnunum og gefa þeim tækifæri á að þroska með sér hæfileika sína. Áhersla er lögð á jákvæð samskipti en öll meðferðarúrræði eru liður í undirbúningi barnanna undir líf og starf í samfélaginu sem sterkir og sjálfstæðir einstaklingar.

Barnaverndarstofa hefur það verkefni með höndum að stuðla að umbótum í meðferðarstarfinu og tryggja að það mæti þeirri eftirspurn fyrir þjónustu eins og hún er á hverjum tíma. Er markmiðið að þjónustan uppfylli ýtrustu kröfur um faglegt starf.

Fleiri stofnanir en ofangreind heimili bjóða upp á úrræði fyrir börn sem eiga við vímuefnavanda að etja. Meðferðarrými vegna misnotkunar áfengis og vímuefna eru á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og Samtök áhugamanna um áfengis- og vímuefnavandamálið (SÁÁ) hafa upp á að bjóða vímuefnameðferðir og annan stuðning við unga fíkla. Mikilvægt er að megináhersla sé á samstarf þeirra aðila sem starfa að meðferðarmálum barna yngri en 18 ára til að árangur verði sem bestur. Til að undirstrika mikilvægi slíkrar samvinnu var

gerður samningur milli Barnaverndarstofu, Landspítala – Háskólasjúkrahúss (BUGL) og SÁÁ sem hefur það markmið að tryggja börnum og unglingum með geðraskanir, vímuefnavanda og hegðunartruflanir eins góða og skjóta þjónustu og frekast er kostur.

Þessi samningur felur í sér að stofnanirnar skuldbinda sig til þess að eiga náð samstarf á öllum sviðum meðferðar sem væntanlega mun skila sér í öruggari og markvissari þjónustu. Þá er stefnt að því að opna nýja bráðadeild á Barna- og unglingageðdeild Landspítalans til að bæta úr brýnni þörf. Enn fremur er bætt úr sérfræðiþjónustu en Landspítali – Háskólasjúkrahús veitir sérfræðiþjónustu barnageðlæknis og hjúkrunarfræðings á Stuðlum og jafnframt er bætt úr ráðgjöf annarra meðferðarheimila á vegum Barnaverndarstofu. Einnig veitir Landspítali – háskólasjúkrahús þjónustu geðlæknis á hinn nýju unglingageðdeild SÁÁ.

6.4. Ungir afbrotamenn

Fyrir kemur að börn yngri en 18 ára komast í kast við löginn þannig að til komi afskipti lögreglu og jafnvel barnaverndaryfirvalda. Þegar barn hefur náð 15 ára aldri er það sakhæft og verður því refsing dæmd fyrir brot. Sérreglur gilda þó um meðferð sakamála á hendur ungum afbrotamönnum sem miða að því að taka tillit til aldurs sakbornings. Oft má rekja ástæður þess að börn þessi hafi leiðst inn á miður góðar brautir til geðsjúkdóma, þroskaraskana, náms-erfiðleika og slæmra félagslegra aðstæðna. Vegna þessa er sérstök áhersla lögð á að veita þessum börnum sérstakan stuðning og önnur úrræði en fangelsisvistun eru reynd til að koma börnunum inn á heillavænlegri brautir í lífinu. Sérreglurnar um meðferð sakamála eru í samræmi við þá stefnu en þeim er ætlað að stuðla að því að halda börnum utan fangelsis.

Þegar sakhæf börn fremja afbrot er mjög brýnt að rannsókn og meðferð máls fyrir dómi gangi greiðlega fyrir sig þannig að þau skilji samhengi milli verknaðar og viðurlaga sem viðbrögð við verknaðinum. Leiki grunur á að barn hafi framið refsiverðan verknað skal lögregla tilkynna það barnaverndarnefnd og gefa henni kost á að fylgjast með rannsókn máls, sbr. 14. gr. barnaverndarlaga, nr. 58/1992. Einnig getur lögregla krafist nærveru fulltrúa barnaverndarnefndar við skýrslutöku af barni telji hún þess þörf. Sama á við þegar skýrsla er tekin af barni fyrir dómi en þá ber ákæranda að tilkynna það barnaverndarnefnd. Barnaverndaryfirvöld hafa samband við foreldra barnsins mæli hagsmunir barns ekki gegn því. Til verndar barnsins vegna ungs aldurs er heimilt að ákveða að þinghald verði háð fyrir luktum dyrum.

Í 113. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, er að finna heimild fyrir ríkissaksóknara og eftir atvikum lögreglustjóra til að falla frá saksókn við nánar tilgreindar aðstæður. Þótt ákvæðið víki ekki sérstaklega að aldri sakbornings má ætla að þessari heimild verði frekar beitt þegar ungir afbrota-

menn eiga í hlut og hefur reyndin orðið sú í framkvæmd. Slíkt getur átt sér stað þegar brot er ekki alvarlegt og framið af yfirsjón sem ætla verður að sé einstakt tilvik. Þetta felur einnig í sér tækifæri fyrir barnið að komast hjá sakfellingu og refsingu sem getur reynst barni íþyngjandi til framtíðar.

Þá er ákæranda einnig heimilt samkvæmt 56. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, (alm. hgl.) að fresta um tiltekinn tíma ákæru til refsingar út af broti ef sakborningur hefur játað brot sitt og var á aldrinum 15–21 árs þegar það var framið. Enn fremur er unnt að binda frestun skilyrðum teljist það vænlegra til árangurs en refsing enda krefjist almannahagsmunir ekki saksóknar. Mál er þá tekið upp aftur ef rannsókn hefst hjá lögreglu vegna sakbornings áður en skil-orðstíma lýkur út af nýju broti. Einnig má taka mál aftur upp að nýju hafi aðili í veigamiklum atriðum rofið sérstök skilyrði sem honum hafa verið sett.

Allt eru þetta úrræði sem eru til þess fallin að veita ungum afbrotamönnum tækifæri til að hugsa sinn gang og breyta til betri vegar með aðstoð barnaverndaryfirvalda eða annarra aðila sem geta veitt viðkomandi fullnægjandi stuðning. Þessum leiðum verður þó ekki alltaf viðkomið þrátt fyrir ungan aldur sakbornings en við ákvörðun refsinga er þó jafnan tekið tillit til ungs aldurs sakbornings. Samkvæmt 74. gr. alm. hgl. er meðal annars heimilt að færa refsingu niður úr lágmarki sem í lögum er ákveðin við broti vegna ungs aldurs sakbornings ef álíta megi að vegna æsku hans sé full refsing ónauðsynleg eða skaðleg. Algengt er að ungir afbrotamenn séu dæmdir í skilorðsbundna fangelsisrefsingu og aldrei má dæma í þyngri hegningu fyrir brot sem menn hafa framið undir 18 ára aldri en átta ára fangelsi.

Það heyrir til undantekninga að dómpolar yngri en 18 ára séu dæmdir í óskilorðsbundið fangelsi og sé það gert er yfirleitt um ítrekuð brot að ræða. Í þeim tilgangi að halda börnum frá fangelsisvist er í gildi samkomulag milli Fangelsisstofnunar ríkisins og Barnaverndarstofu um að fangar yngri en 18 ára skuli að jafnaði afplána refsingu sína með vistun á meðferðarheimilum sem rekin eru samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga. Þar dveljast þeir á heimili með öðrum börnum þar sem þeim er hjálpað til að aðlagast betri lífsvenjum. Skýrt er tekið fram að brjóti fangi gegn þeim skilyrðum sem honum eru sett eða reglum heimilis verði hann tafarlaust fluttur í fangelsi til áframhaldandi afplánunar.

6.5. Heimilisofbeldi

Staðreyndin er sú að heimilisofbeldi er til staðar hér á landi. Rannsóknir sýna að konur og börn eru oftast þolendur þess en gerandinn er karlmaður enda þótt það sé ekki algilt. Hugtakið heimilisofbeldi er notað til að lýsa ofbeldi sem konur og karlar verða fyrir af hálfu núverandi eða fyrrverandi maka, hvort sem um er að ræða hjón eða sambýlisfólk. Börn sem búa á heimilinu þar sem

ofbeldið fer fram geta einnig verið beinir eða óbeinir þolendur heimilisofbeldis.

Heimilisofbeldi á sér oft stað með reglulegu millibili yfir tiltekinn tíma. Málin eru oft erfið viðureignar þar sem ofbeldið er afbrot sem tengist mjög einkalífi manna enda oftast nán tengsl milli geranda og þolanda. Engu að síður er ofbeldið alvarlegt vandamál og afleiðingar þess margþættar, svo sem andleg vanlíðan og öryggisleysi. Þess vegna er mikilvægt að fyrir hendi séu tiltæk úrræði sem lögregla og dómara geta gripið til í þeim tilgangi að koma í veg fyrir frekara ofbeldi og vernda þannig þolandann. Stjórnvöld hafa því markvisst unnið að því að koma fram með virk úrræði til þess að bregðast við í þeim tilvikum þar sem heimilisofbeldi hefur verið beitt og jafnvel koma í veg fyrir að slíkt ofbeldi eigi sér stað.

Gera má ráð fyrir að lítill hluti brota sem teljast heimilisofbeldi sé tilkynntur til lögreglu og að brot séu frekar tilkynnt ef þolandi hefur hlotið áverka. Þegar lögreglumenn koma á heimili fólks er mikilvægt að þeir kynni sér vel mála- vexti og geri sér ljóst hvort um lögbrot eða hættusjónarmið sé að ræða. Lögreglumenn bjóða þolendum heimilisofbeldis aðstoð við að komast undir læknishendur þegar þannig stendur á. Enn fremur aðstoða þeir þá sem vilja yfirgefa heimili sín við að komast annað, til dæmis til vina, ættingja eða í Kvennaathvarfið. Ef börnum er hætta búin eða aðstæður þeirra krefjast þess að öðru leyti er fulltrúi barnaverndaryfirvalda kallaður til.

Í mörgum tilfellum fellur þolandinn frá kærri að liðnum tilteknum tíma enda er hann oft fjárhagslega eða á annan hátt háður gerandanum. Jafnframt getur ástæðan verið sú að gerandinn hóti þolandanum og fjölskyldu hans um frekara ofbeldi falli hann ekki frá kærri. Slík mál hafa ekki frekari framgang innan réttarvörslukerfisins nema í einstökum tilfellum í alvarlegustu málunum. Í þeim tilgangi að veita þolendum heimilisofbeldis frekari vernd af hálfu réttarvörslukerfisins hefur sérstakt nálgunarbann verið lögfest í lögum um meðferð opinberra mála. Í nálgunarbanni felst að bann er lagt við því að maður komi á tiltekinn stað eða svæði, veiti eftirför, heimsæki eða setji sig með öðru móti í samband við annan mann ef rökstudd ástæða er til að ætla að hann muni fremja afbrot eða raska á annan hátt friði þess manns sem í hlut á.

Rökin að baki slíku nálgunarbanni er að gerandi í málum vegna heimilisofbeldis á yfirleitt greiðari aðgang að þolandanum vegna nánna tengsla milli þeirra en þegar ókunnugur beitir annan mann ofbeldi. Þolandinn kann því að standa frammi fyrir ítrekuðum ofsóknum eða ógnunum í einni eða annarri mynd af hálfu gerandans. Því nægja ekki hin hefðbundnu úrræði refsivörslukerfisins og þörf er á skjótari viðbrögðum til verndar brotapolum í slíkum málum. Markmið nálgunarbanns er því að vernda þolendur heimilisofbeldis sérstaklega. Einungis lögregla getur krafist nálgunarbanns fyrir dómi en við

ákvörðun um slíkt bann þarf að líta til fyrri hegðunar brotamanns. Brot gegn nálgunarbanni varða sektum eða fangelsisvist í allt að eitt ár en ef brot er ítrekað eða stórfellt getur það varðað fangelsi í allt að tvö ár.

Þegar ákært er í málum vegna heimilisofbeldis eða kynferðisbrota þurfa þólandur að bera vitni um ofbeldið. Í þeim tilgangi að efla vitnavernd hefur verið lögfest í almenn hegningarlög ákvæði um refsinaemi tiltekinna brota sem rakin verða til skýrslugjafar vitnis. Þau brot sem ákvæðið tekur til eru líkamsárás, nauðung skv. 225. gr. alm. hgl. og hótun skv. 233. gr. alm. hgl. en refsimörk eru nokkuð hærri en á við um flest þessara brota. Ákvæðið á ekki einungis við þegar þessi brot beinast að vitninu sjálfu heldur einnig þegar brot beinist að vandamönnum þess eða öðrum sem standa í slíkum tengslum við vitnið að brot gegn þeim verði rakið til skýrslugjafar vitnisins. Markmiðið er að hindra að vitni verði beitt þvingunum eða þurfi að þola hefndaraðgerðir vegna framburðar síns.

Þau úrræði sem eru fyrir hendi vegna heimilisofbeldis eru til þess fallin að koma í veg fyrir heimilisofbeldi og vernda þólandann fyrir gerandanum. Þau fela ekki síður í sér leiðir til að auðvelda þólandanum fyrir vilji hann kæra verknaðinn. Þegar um kynferðisbrot, manndráp, líkamsmeiðingar eða brot á frjálsræði manna er að ræða er lögreglu jafnframt skylt samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála að tilnefna réttargæslumann til handa brotaþola óski hann þess. Þegar brotaþoli er yngri en 18 ára er lögreglu það ávallt skylt. Ef til kæru kemur fylgir réttargæslumaður brotaþola í gegnum kærufarlið, leiðbeinir honum um gerð bótakröfu og fylgir bótakröfu eftir fyrir dómi ef þess er talin þörf. Á neyðarmóttöku Landspítalans – Háskólasjúkrahúss starfar einnig sérþjálfað starfsfólk í að veita þeim sem verða fyrir kynferðisbrotum aðstoð, svo sem læknar, hjúkrunarfólk, sálfræðingar og félagsráðgjafar.

Enn fremur hefur verið hugað að meðferðarúrræðum fyrir gerendur heimilisofbeldis. Hleypt var af stökkunum tilraunaverkefni sem ber heitið Karlar með ábyrgð þar sem karlar sem höfðu beitt ofbeldi inni á heimilum sínum fóru í viðtöl hjá sálfræðingum. Mikilvægt er að gerendum heimilisofbeldis sé veitt aðstoð í þeim tilgangi að komast að rót vandans og hjálpa þeim við að tileinka sér aðrar aðferðir til samskipta við sína nánustu. Verkefninu er að formi til lokið og er að vænta niðurstaðna um árangur þess. Það er eindreginn vilji stjórnvalda að viðhalda slíku meðferðarstarfi og er stefnan að skoðaðar verði þær leiðir sem eru vænlegastar til árangurs.

6.6. Fjárhagserfiðleikar fjölskyldna

Fjölmargar fjölskyldur eiga við greiðsluvanda að stríða einhvern tímann á lífsleiðinni. Margar ástæður geta komið þar við sögu, svo sem sjúkdómar, dauðsföll og ýmiss konar félagslegir erfiðleikar. Einnig geta breytingar á atvinnu- og fjölskyldustöðu leitt til tímabundinna greiðsluerfiðleika. Fjárhagsáhyggjur

eru mjög slítandi fyrir einstaklinga og þá einkum fyrir þá sem bera ábyrgð á velferð fjölskyldu sinnar. Af þeirri ástæðu hafa stjórnvöld fengið til liðs við sig fjölmarga aðila til að reka sérstaka ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna.

Markmið starfsemi Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna er að aðstoða fólk með fræðslu og ráðgjöf við að minnka greiðslubyrði og að koma í veg fyrir frekari skuldasöfnun. Slík aðstoð getur falist í leiðbeiningum um sölu eigna, markvissum sparnaði og breyttu neyslumynstri. Þá er ekki síst mikilvægt að aðstoða einstaklinga við að fá heildarsýn yfir fjármál sín og hjálpa fólki þar með til sjálfshjálpar. Í upphafi var um tilraunaverkefni að ræða en þar sem verkefnið þótti hafa tekist vel og mikil aðsókn var að þjónustunni var ákveðið að því yrði framhaldið. Munu stjórnvöld kappkosta að festa starfsemina í sessi.

7. Eldri borgarar

Aldurssamsetning þjóðarinnar hefur tekið þónokkrum breytingum á síðastliðnum áratugum. Meðalaldur hefur hækkað sem meðal annars hefur leitt til þess að öldruðum hefur fjölgað hlutfallslega hraðar en þjóðinni í heild. Þessi breyting hefur viðtæk áhrif innan þjóðfélagsins og má þar nefna almannatryggingar, heilbrigðismál, lífeyrissjóði, fjármálamarkaðinn, vinnumarkaðinn, húsnæðismál og félagslega þjónustu. Þess vegna er mikilvægt að leggja áherslu á að málefni aldraðra eru málefni alls samfélagsins sem varða fólk á öllum aldri.

Miklar breytingar eiga sér oftast stað þegar einstaklingar komast á ellilífeyrisaldur og kemur að starfslokum. Töluvert álag getur siglt í kjölfarið þar sem lífsmunstrið tekur á sig aðra mynd og tekjur jafnvel minnka. Er því mikilvægt að reyna að finna leiðir til að unnt verði að koma á sveigjanlegri starfslokum auk þess að leggja áherslu á að undirbúa fólk undir starfslokinn og aðstoða það við að laga sig að breyttum aðstæðum sem fylgja þeim.

Verulega hefur dregið úr fátækt meðal eldri borgara á Íslandi á síðustu 10 árum og munar þar mestu um sívaxandi réttindi nýrra eftirlaunaþega sem hafa aflað sér góðra lífeyrisréttinda í starfstengdum lífeyrissjóðum. Stjórnvöld hafa jafnframt stefnt að því að bæta kjör ellilífeyrisþega með hækkun frítekjumarks tekjutryggingar og að taka tillit til þegar annað hjóna er ellilífeyrisþegi en hitt útvinnandi.

Sumir upplifa starfslok sín á þann hátt að þeir geri samfélaginu lítið gagn og örlað hefur á neikvæðni í garð ellilífeyrisáranna. Þess vegna er nauðsynlegt að hvetja aldraða til virkrar þátttöku á sem flestum sviðum þjóðlífsins enda þótt atvinnulífið njóti ekki beint krafta þeirra lengur. Á sama hátt er þýðingarmikið að breyta neikvæðum viðhorfum samfélagsins til aldraðra og brúa bilið milli

kynslóða með því að auka samskipti ungs fólks og aldraðra. Nauðsynlegt er að efla gagnkvæman skilning og virðingu þessara aldurshópa.

Heilsubrestur er einn af fylgikvillum ellinnar. Sökum þessa er brýnt að leggja áherslu á að viðhalda og bæta líkamlega og andlega færni og bregðast við ýmiss konar félagslegum og heilsufarslegum vanda með stuðningi, greiningarvinnu og endurhæfingu. Stefnt er að því að veita viðeigandi þjónustu og stuðning í þeim tilgangi að sem flestir geti dvalist sem lengst heima.

Nauðsynlegt er að margvísleg úrræði séu á boðstólum og þróað verði þjónustunet aldraðra sem er samhæft. Má þar nefna heimilishjálp, heimahjúkrun, öldrunarlækningar og stofnanavistun, þar með talda dagvistun. Skammtíma-innlagnir þurfa að vera mögulegar til að mæta tímabundnum félagslegum þörfum hins aldraða og umönnunaraðila hans. Áhersla skal vera á að faglegt mat liggi til grundvallar þegar skoða þarf nýtingu á úrræðum ásamt fjármögnun. Jafnframt þarf greiðsluþátttaka að vera samræmd en jafnan skal stuðla að sem hagkvæmustu úrræðum. Ávallt skal taka tillit til þarfa hins aldraða eins og frekast er unnt og jafnan gæta þess að full virðing sé borin fyrir einstaklingnum.

8. Útlendingar

8.1. Almenn

Á undanförunum árum hefur færst mjög í vöxt að útlendingar sækist eftir að vinna á Íslandi og vilji setjast hér að til frambúðar. Fólkið kemur hvaðanæva að úr heiminum sem hefur leitt til þess að íslenskt samfélag er orðið að fjölmenningarlegu samfélagi. Mikilvægt er að stjórnvöld tryggi að öllum líði vel hér á landi og njóti sömu réttinda óháð kyni, trú, litarhætti eða uppruna. Er það því stefna stjórnvalda að leggja sitt af mörkum til að útlendingar sem kjósa að setjast hér að geti orðið virkir þátttakendur í íslensku samfélagi.

Mikilvægt er að gagnkvæmur skilningur og virðing ríki milli manna óháð uppruna þeirra. Á sama tíma og útlendingur er að kynnast síðum og venjum Íslendinga er mikilvægt að hann hafi svigrúm til að viðhalda menningarlegum uppruna sínum og móðurmáli. Á þetta ekki síst við um börn sem hafa flust hingað til lands á unga aldri frá ólíkum menningarheimum. Því er þýðingarmikið að skólakerfið hjálpi börnum að vera virkir þátttakendur í hinu nýja samfélagi án þess að þau glati tengslum við eigin menningu, tungu og trú.

Þegar fjölskyldur flytja hingað til lands er að mörgu að gæta, meðal annars í sambandi við dvalarleyfi, atvinnuleyfi, húsnæði og skólamál. Það er því æskilegt að opinberar stofnanir og aðrir sem að málefnum útlendinga koma sjái til þess að upplýsingar um rétt og stöðu þeirra hér á landi séu til taks á a.m.k.

einu erlendu tungumáli. Jafnframt er mikilvægt að stofnanir reyni allar leiðir til að auðvelda erlendum ríkisborgurum samskipti sín við þær, til dæmis með að viðhafa bréfaskipti á ensku. Þýðingarmikið er að erlendar fjölskyldur öðlist tilfinningu fyrir því að þær séu velkomnar í hinum nýju heimkynnum.

8.2. Íslenska sem annað tungumál í skólum

Eitt af lykilatriðum þess að erlendum fjölskyldum geti vegnað vel hér á landi er að börnum þeirra líði vel í skólanum hvort sem það er í leikskólanum, grunnskólanum eða framhaldsskólanum. Áhersla er á jafnrétti til náms í íslensku skólakerfi þar sem skólarnir eiga að haga störfum sínum í fyllsta samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins. Markmiðið er að verkefni höfði jafnt til allra óháð kyni, fötlun, búsetu, uppruna, trú og litahætti.

Í leikskólanum er mikilvægt að viðhalda tengslum við menningu barnsins, tungu þess og trú á sama tíma og því er hjálpað við að taka virkan þátt í leik og starfi. Leikskólinn skal taka tillit til þarfa hvers einstaks barns svo það fái notið sín í hópi annarra barna á eigin forsendum. Nauðsynlegt er að leikskólinn eigi í góðu samstarfi við foreldra barnanna og hvetji þá til að viðhalda móðurmáli barnsins. Er þannig stuðlað að virku tvítyngi. Á þetta einnig við um efri skólastigin. Ástæðan er meðal annars sú að sé móðurmálinu ekki haldið við er hættu á að tjáning og samskipti milli foreldra og barna geti orðið takmörkuð. Jafnframt er talið að sterkur grunnur í móðurmáli auðveldi nám í öðru tungumáli.

Í grunn- og framhaldsskólum eiga nemendur er hafa annað móðurmál en íslensku og hafa fasta búsetu hér á landi rétt á sérstakri kennslu í íslensku. Íslenska sem annað tungumál er námsgrein fyrir nemendur sem hafa ekki nægilegt vald á íslensku til að geta stundað nám í íslenskum skólum til jafns við aðra nemendur. Þetta á jafnt við um nemendur af íslenskum og erlendum uppruna. Við skipulagningu kennslunnar þarf að taka mið af því að nemendur með annað móðurmál en íslensku hafi ólíkan menningarlegan, mállegan og námslegan bakgrunn. Þessir nemendur hafa því misjafnar forsendur til að takast á við nám í íslenskum skólum. Kennsla í íslensku sem annað tungumál þarf því að miðast við stöðu nemenda í námi.

Markmið kennslunnar er meðal annars að veita nemendum með annað móðurmál en íslensku aðgang að menntun í íslensku skólakerfi til jafns við aðra nemendur. Námsgreinin íslenska sem annað tungumál er því meira en tungumálakennsla. Hún felur einnig í sér að þjálfa nemandann í íslensku máli og menningarfærni, viðhalda og þróa þekkingargrunn og læsi, örva námsgetu og námstækni og síðast en ekki síst stuðla að félagslegri vellíðan nemandans. Með því að huga að öllum þroskaþáttum eru minni líkur á að nemandi með annað móðurmál verði á eftir í náminu meðan hann leitast við að læra íslenskt

mál og öðlast menningarfærni. Er jafnframt lagt kapp á að nemendur með annað móðurmál en íslensku fylgi jafnöldrum sínum í öllum námsgreinum eins og unnt er.

8.3. Túlkaþjónusta

Erlendar fjölskyldur þurfa að nýta sér þjónustu á vegum ríkis og sveitarfélaga líkt og aðrir þegnar landsins. Nokkurn tíma getur tekið fyrir útlendinga að læra íslensku þannig að þeir geti tjáð sig um flókin eða viðkvæm málefni. Sökum þessa getur fylgt mikið álag fyrir erlenda aðila að sækja þá þjónustu sem í boði er, til dæmis heilbrigðisþjónustu eða félagslega aðstoð, hafi hann ekki kost á að tjá sig á erlendri tungu. Stjórnvöld telja því mikilvægt að koma upp öflugri túlkaþjónustu í samvinnu við fleiri aðila sem stofnanir á vegum ríkis og sveitarfélaga geta notfært sér þegar þörf krefur til að auðvelda samskipti þeirra við erlendar fjölskyldur sem hafa búsetu hér á landi.

Þar sem upplýsingagjöfin er ein meginstoð réttinda sjúklinga var talið nauðsynlegt að tryggja með lögum að eigi í hlut sjúklingur sem ekki talar íslensku sé honum tryggð túlkun á upplýsingum um heilsufar og meðferð. Vitaskuld getur oft reynst erfitt að tryggja túlkun fyrir útlendinga sem koma frá fjarlægum löndum. Engu að síður þykir nauðsynlegt að undirstrika þennan rétt og bera heilbrigðisstofnanir ábyrgð á því að hann sé tryggður.

Enn fremur er mjög þýðingarmikið að sakborningur, vitni eða annar sem gefur skýrslu fyrir dómi í opinberu máli skilji hvað fram fer í réttarsalnum. Þótti þess vegna nauðsynlegt að lögfesta að sé sakborningur, vitni eða annar ekki nægilega fær í íslensku skal kalla löggiltan dómtúlk til aðstoðar. Ef ekki er unnt að fá löggiltan dómtúlk eða þýðanda til starfans er heimilt að kveðja til einhvern þann sem fær er til þýðingarstarfs. Eins getur verið nægjanlegt að dómari tali erlent tungumál sem aðili skilur og talar.

8.4. Miðstöð nýbúa

Þegar samfélög eru fjölmenningarleg er mikilvægt að stuðla að aukinni þekkingu meðal þegnanna um hagi hvers annars og efla þannig skilning á ólíkum bakgrunni fólks. Tungumálaerfiðleikar geta verið veruleg hindrun fyrir útlendinga til að tjá sig í hinu nýja samfélagi og koma jafnvel í veg fyrir að heimamenn gefi sig að hinum aðflutta til að bjóða hann velkominn. Enn fremur geta tungumálaerfiðleikar valdið misskilningi og alið á fordómum.

Í þeim tilgangi að tryggja farsæla aðlögun útlendinga sem flytja hingað til lands að íslenskum aðstæðum og að íbúarnir eigi sem greiðustu leið að samskiptum sín á milli hafa stjórnvöld ákveðið að setja á fót miðstöð nýbúa á Vestfjörðum Hlutverk hennar er að safna upplýsingum um aðstæður erlendra ríkisborgara hér á landi, margþætt upplýsingagjöf og leiðbeiningar, þar með talin útáfa fræðsluefnis, umsjón með grunnnámskeiðum og annarri fræðslu,

samhæfing þjónustu hinna mismunandi stofnana á vegum ríkis og sveitarfélaga, túlkajónusta og ýmis fjölþjóðleg menningarstarfsemi.

8.5. Útgáfa upplýsingaefnis fyrir útlendinga

Æskilegt er að upplýsingarit sem stofnanir á vegum ríkis og sveitarfélaga gefa út um þá þjónustu sem þær veita séu þýdd yfir á þau tungumál sem fjölmennustu hópar innflytjanda tala auk ensku sem flestir frá Vestur-Evrópu og víðar lesa og skilja. Það að gefa erlendum fjölskyldum kost á að lesa sér til um stöðu sína og rétt dregur úr líkum á óþarfa misskilningi en að þær fái eingöngu munnlegar upplýsingar um kerfi sem er þeim framandi á ef til vill tungumáli sem þær skilja illa. Þýðingar á upplýsingaritum, til dæmis um félagsþjónustu sveitarfélaga og heilbrigðisþjónustu, eru til þess fallnar að auðvelda útlendingum að kynna sér hið nýja samfélag og aðlagast því án sérstakra vandkvæða.

9. Niðurlag

Með þessari samantekt er leitast við að gefa heildarsýn yfir þau málefni er varða hagsmuni fjölskyldunnar. Seint verður litið á þessa umfjöllun sem tæmandi um þá málaflokka sem snúa beint eða óbeint að málefnum fjölskyldunnar. Þar má nefna sem dæmi að ekki er sérstaklega fjallað um skipulags- og samgöngumál auk neytenda- og umhverfisverndar sem þó með einum eða öðrum hætti hafa áhrif á líðan og afkomu fjölskyldna í landinu.

Það er stefna stjórnvalda að styrkja fjölskylduna sem hornstein þjóðfélagsins og treysta samheldni hennar og velferð. Er því þýðingarmikið að stefnumótandi ákvörðunartaka á málavíði fjölskyldunnar sé samræmd og að þeir aðilar sem að henni standa vinni saman að því að einstaklingarnir innan fjölskyldunnar eigi þess kost að búa við öryggi og þroskavænleg skilyrði.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá framhaldsskóla, almennur hluti.* 1999. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
- Aðalnámskrá framhaldsskóla, íslenska.* 1999. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
- Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti.* 1999. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
- Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska.* 1999. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
- Aðalnámskrá grunnskóla, lífsleikni.* 1999. Menntamálaráðuneyti, Reykjavík.
- Aðalnámskrá leikskóla.* 1999. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
- Aldís Yngvadóttir, Árni Einarsson og Guðni R. Björnsson. 1998. *Áfengis- og fíkniefnamál á Íslandi, þróun og staða.* Fræðslumiðstöð í fíknivörum, Reykjavík.
- Anne-Lise Arnesen, Sigríður Jónsdóttir, Eva-Stína Hultinger, Torunn Klemp, Birgit Trier Fredriksen og Hillevi Lönn (ritstj.). 1998. *Líkt og ólíkt. Kynjavíddin í uppeldisfræðilegri hugsun og starfi.* Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal. 1993. *Lífskeið fjölskyldunnar.* Hörður Þorgilsson og Jakob Smári (ritstj.). Sálfræðibókin. Mál og menning, Reykjavík.
- Ársskýrsla Ísland án eiturlyfja. 2000. Skýrsla verkefnisstjórnar 1999 og starfsáætlun 2000. Ísland án eiturlyfja, Reykjavík.
- Ársskýrsla Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna 1999. 2000. Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna, Reykjavík.
- Barnamappan.* Íslenskur mjólkuriðnaður, Reykjavík.
- Birgit Arve Parés (ritstj.). 1996. *Reconciling Work and Family Life.* Ministry of Health and Social Affairs, Stockholm.
- Conference of European Ministers Responsible for Family Affairs. 1997. Evrópuráðið, Strasbourg.
- Davíð Þór Björgvinsson. 1995. *Barnaréttur.* Bókaútgáfa Orators, Reykjavík.
- Frumvarp til laga um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna (óútg.).* Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000, þskj. 293 – 241. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19, 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (vitavernd, barnaklám o.fl.) (óútg.).* Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000, þskj. 613 – 359. mál.
- Frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga (óútg.).* Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001, þskj. 267 – 242. mál.
- Frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga (óútg.).* Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–1991, þskj. 574 – 326. mál.
- Frumvarp til laga um fæðingur- og foreldraorlof (óútg.).* Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000, þskj. 1065 – 623. mál.
- Frumvarp til laga um húsaleigubætur (óútg.).* Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–1998, þskj. 362 – 290. mál.
- Frumvarp til laga um húsnæðismál (óútg.).* Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–1998, þskj. 877 – 507. mál.
- Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (óútg.).* Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000, þskj. 373 – 272. mál.
- Getting divorced when you have children. Socialstyrelsen. The National Board of Health and Welfare. Svíþjóð.
- Heilbrigðisáætlun til ársins 2010. *Langtímamarkmið í heilbrigðismálum.* 2000. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Reykjavík.
- Ingibjörg Broddadóttir (ritstj.). 1994. *Fjölskyldan, uppspretta lífsgilda.* Félagsmálaráðuneytið, Reykjavík.
- Íslenska skólakerfið.* 1998. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
- Kynntu þér réttindi þín.* Upplýsingabæklingur um réttindi sjúklinga. 1999. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Reykjavík.
- Lokaskýrsla framkvæmdastjórnar árs aldraðra.* 1999. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Reykjavík.
- Lög um réttindi sjúklinga.* Upplýsingarit fyrir starfsfólk í heilbrigðisþjónustu. 2000. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Reykjavík.
- Mason, M.A., Skolnick, A., og Sugarman, S.D. (ritstj.). 1998. *All Our Families, New Policies for a New Century.* Oxford University Press, Inc., New York.
- Mannabörn eru merkileg.* Staðreyndir um börn og unglinga. (1998). Umboðsmaður barna, Reykjavík.
- Menntun og menning fyrir alla (smárit 4).* 2000. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
- Dr. Sigrún Júlíusdóttir. 1998. *Hvers vegna fjölskyldustefna? Sveitarstjórnarmál,* bls. 146–152, 58.
- Skattframtal einstaklinga 2000. *Leiðbeiningar og dæmi.* 2000. Ríkisskattstjóri, Reykjavík.

- Skýrsla dómsmálaráðherra um forvarnir gegn heimilisofbeldi, hjálparárræði fyrir þolendur og meðferðarúrræði fyrir gerendur* (óútg.). Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–1998, þskj. 1382 – 711. mál.
- Skýrsla dómsmálaráðherra um meðferð heimilisofbeldismála hjá lögreglu* (óútg.). Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–1998, þskj. 1383 – 712 mál.
- Skýrsla dómsmálaráðherra um meðferð heimilisofbeldismála í dómskerfinu* (óútg.). Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–1998, þskj. 1384 – 713 mál.
- Skýrsla dómsmálaráðherra um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum* (óútg.). Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–1997, þskj. 612 – 340 mál.
- Skýrsla nefndar um unga afbrotamenn*. 1999. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, Reykjavík.
- Skýrsla um starfsemi Barnaverndarstofu árin 1995–1999 og barnaverndanefnda á Íslandi árin 1996–1999*. 2000. Barnavernd á Íslandi. Barnaverndarstofa, Reykjavík.
- Stefán Ólafsson, Karl Sigurðsson og María J. Ammendrup. *Lífskjör, lífshættir og líffskoðun eldri borgara á Íslandi 1988–1999. Kynslóðgreining og samanburður milli landa*. 1999. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Reykjavík.
- Stefna ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna*. 2000. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Reykjavík.
- Stiklað á stóru í sögu húsnæðismála*. 1995. Húsnæðisstofun ríkisins, Reykjavík.
- Tekjuskattur og eignarskattur. Skattalagasafn*. 1999. Ríkisskattstjóri, Reykjavík.
- Tillaga til þingsályktunar um stofnun nýhúamiðstöðvar á Vestfjörðum* (óútg.). Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000, þskj. 220 – 190. mál.
- Tillögur að aðgerðum sem geta auðveldað útlendingum aðlögun og þátttöku í íslensku samfélagi* (óútg.). Félagsmálaráðuneytið, Reykjavík.
- Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson. 1998. *Vímuefnaneysla ungs fólks. Umhverfi og aðstæður*. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, Reykjavík.

Vefsíður:

www.bvs.is
 www.lin.is
 www.stjr.is
 www.rsk.is

the fact that the *de novo* synthesis of cholesterol is inhibited by the presence of dietary cholesterol. The effect of dietary cholesterol on cholesterol synthesis is mediated by the regulation of HMG CoA synthase, the rate limiting enzyme in cholesterol synthesis (10).

There is a strong correlation between the amount of cholesterol in the diet and the amount of cholesterol in the blood. The amount of cholesterol in the blood is determined by the amount of cholesterol in the diet and the amount of cholesterol synthesized by the liver. The amount of cholesterol in the diet is the primary determinant of the amount of cholesterol in the blood (11).

The amount of cholesterol in the diet is the primary determinant of the amount of cholesterol in the blood. The amount of cholesterol in the diet is the primary determinant of the amount of cholesterol in the blood. The amount of cholesterol in the diet is the primary determinant of the amount of cholesterol in the blood (12).

The amount of cholesterol in the diet is the primary determinant of the amount of cholesterol in the blood. The amount of cholesterol in the diet is the primary determinant of the amount of cholesterol in the blood. The amount of cholesterol in the diet is the primary determinant of the amount of cholesterol in the blood (13).

The amount of cholesterol in the diet is the primary determinant of the amount of cholesterol in the blood. The amount of cholesterol in the diet is the primary determinant of the amount of cholesterol in the blood. The amount of cholesterol in the diet is the primary determinant of the amount of cholesterol in the blood (14).

The amount of cholesterol in the diet is the primary determinant of the amount of cholesterol in the blood. The amount of cholesterol in the diet is the primary determinant of the amount of cholesterol in the blood. The amount of cholesterol in the diet is the primary determinant of the amount of cholesterol in the blood (15).

The amount of cholesterol in the diet is the primary determinant of the amount of cholesterol in the blood. The amount of cholesterol in the diet is the primary determinant of the amount of cholesterol in the blood. The amount of cholesterol in the diet is the primary determinant of the amount of cholesterol in the blood (16).

The amount of cholesterol in the diet is the primary determinant of the amount of cholesterol in the blood. The amount of cholesterol in the diet is the primary determinant of the amount of cholesterol in the blood. The amount of cholesterol in the diet is the primary determinant of the amount of cholesterol in the blood (17).

The amount of cholesterol in the diet is the primary determinant of the amount of cholesterol in the blood. The amount of cholesterol in the diet is the primary determinant of the amount of cholesterol in the blood. The amount of cholesterol in the diet is the primary determinant of the amount of cholesterol in the blood (18).

